

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/2121

2025/EES/28/22

frá 27. nóvember 2019

um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar breytingar, samruna og skiptingar yfir landamæri (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. og 2. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ⁽³⁾ eru settar reglur um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. Reglur um samruna yfir landamæri eru mikilvægur áfangi í því að bæta starfsemi innri markaðarins fyrir félög og fyrirtæki og nýtingu þeirra á staðfesturétti. Mat á þessum reglum sýnir hins vegar að þeim þarf að breyta. Enn fremur þykir rétt að kveða á um reglur um breytingar og skiptingar yfir landamæri þar sem aðeins er kveðið á um reglur um skiptingar opinberra hlutafélaga innanlands í tilskipun (ESB) 2017/1132.
- 2) Staðfesturéttur er ein af grundvallarreglum laga Sambandsins. Samkvæmt annarri málsgrein 49. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með hliðsjón af 54. gr. hans, felur staðfesturéttur félaga eða fyrirtækja m.a. í sér réttinn til að stofnsetja og stjórna slíkum félögum eða fyrirtækjum að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í löggjöf staðfestuaðildarríkisins. Dómstóll Evrópusambandsins hefur túlkað þetta svo að það feli í sér rétt til að breyta félagi eða fyrirtæki, sem stofnsett er í samræmi við löggjöf eins aðildarríkis, í félag eða fyrirtæki sem fellur undir gildissvið laga annars aðildarríkis, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í löggjöf þess aðildarríkis séu uppfyllt og, sér í lagi, að viðmiðin sem síðarnefnda aðildarríkið samþykkir til að ákvarða tengsl félags eða fyrirtækis við innlendan rétt séu uppfyllt.
- 3) Ef samræming á lögum Sambandsins er ekki fyrir hendi fellur skilgreining á tengdum þáttum sem ákvarðar viðeigandi landslög fyrir félag eða fyrirtæki undir valdsvið hvers aðildarríkis í samræmi við 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ákvæði 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gera tengdum þáttum skráðrar skrifstofu, yfirstjórnar og höfuðstöðva félags eða fyrirtækis jafnhátt undir höfði. Því útilokar sú staðreynd að aðeins skráða skrifstofan, en ekki yfirstjórn eða höfuðstöðvar, sé flutt ekki sem slík að staðfesturéttur eigi við skv. 49. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eins og skýrt er í dómaframkvæmd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 24.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2019.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

- 4) Þróun dómaframkvæmdar hefur veitt ný tækifæri fyrir félög á innri markaðnum til að hlúa að hagvexti, virkri samkeppni og framleiðni. Um leið þarf einnig að samræma markmið innri markaðar án innri landamæra fyrir félög öðrum markmiðum samrunans í Evrópu, s.s. félagslegri vernd eins og sett er fram í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 9. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ásamt því að stuðla að skoðanaskiptum aðila vinnumarkaðarins, eins og sett er fram í 151. gr. og 152. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Réttur félaga til breytinga, samruna og skiptingar yfir landamæri ætti að haldast í hendur við og vera í eðlilegu jafnvægi við vernd starfsmanna, lánardrottna og hluthafa.
- 5) Skortur á lagaramma um breytingar og skiptingar yfir landamæri leiðir til sundurleitrar löggjafar og réttaróvissu og hindrar þannig nýtingu staðfesturéttarins. Þetta leiðir einnig til ófullnægjandi verndar starfsmanna, lánardrottna og minnihlutahluthafa á innri markaðnum.
- 6) Evrópuþingið hefur kallað eftir því að framkvæmdastjórnin samþykki samræmdar reglur um breytingar og skiptingar yfir landamæri. Samræmdur lagarammi myndi stuðla enn frekar að því að fjarlægja takmarkanir á staðfesturétti samhliða því að veita hagsmunaaðilum á borð við starfsmenn, lánardrottna og hluthafa fullnægjandi vernd.
- 7) Framkvæmdastjórnin tilkynnti í orðsendingu sinni frá 28. október 2015, sem ber yfirskriftina „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“, að hún myndi leggja mat á þörfina á að uppfæra gildandi reglur um samruna yfir landamæri til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að velja sér viðskiptaáætlanir og aðlagast betur breyttum markaðsaðstæðum en án þess að grafa undan gildandi vinnuvernd. Í orðsendingu sinni frá 25. október 2016, sem ber yfirskriftina „Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar 2017: Evrópa sem verndar, eflir og ver“, tilkynnti framkvæmdastjórnin um framtaksverkefni til að auðvelda samruna yfir landamæri.
- 8) Til viðbótar nýjum reglum um breytingar er í þessari tilskipun mælt fyrir um reglur um skiptingar yfir landamæri, bæði skiptingar að hluta til og að fullu, en þessar reglur eiga eingöngu við um skiptingar yfir landamæri sem fela í sér stofnsetningu nýrra félaga. Í þessari tilskipun er ekki kveðið á um samræmdan ramma um skiptingar yfir landamæri þar sem félag flytur eignir og skuldir í eitt eða fleiri félög sem þegar eru til, þar sem slík tilvik hafa verið talin mjög flókin, krefjast afskipta lögbærra yfirvalda í mörgum aðildarríkjum og fela í sér aukna áhættu með tilliti til sniðgöngu á reglum Sambandsins og innlendum reglum. Möguleikinn á að stofnsetja félag við skiptingu með aðgreiningu, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, býður félögum nýja samræmda aðferð á innri markaðnum. Hins vegar ætti félögum að vera frjálst að setja upp dótturfélög í öðrum aðildarríkjum með beinum hætti.
- 9) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um félög í skiptameðferð þar sem úthlutun eigna er hafin. Að auki ættu aðildarríkin að geta valið að undanskilja félög í annarri skiptameðferð beitingu þessarar tilskipunar. Aðildarríkin ættu einnig að geta valið að beita þessari tilskipun ekki gagnvart félögum sem sæta ógjaldfærnimeðferð, í skilningi landslaga, eða falla undir fyrirbyggjandi endurskipulagningarramma, í skilningi landslaga, án tillits til þess hvort slík málsmeðferð sé hluti af innlendum ógjaldfærniramma eða er reglufest utan hans. Aðildarríkin ættu einnig að geta valið að beita þessari tilskipun ekki gagnvart félögum sem falla undir fyrirbyggjandi ráðstafanir eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ⁽⁴⁾. Þessi tilskipun skal hafa ekki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1023 ⁽⁵⁾.
- 10) Í ljósi þess hversu flóknar breytingar, samruni og skiptingar yfir landamæri eru (saman nefnt „aðgerðir yfir landamæri“) og hversu margvíslegir viðkomandi hagsmunir eru þykir rétt að kveða á um athugun á lögmæti aðgerða yfir landamæri áður en þær taka gildi til þess að skapa réttarvissu. Í þessu skyni ættu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum að tryggja að ákvörðun um samþykki fyrir aðgerðum yfir landamæri sé tekin með sanngjörnum og hlutlægum hætti án mismununar og á grundvelli allra viðkomandi þátta sem krafist er í lögum Sambandsins og landslögum.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1023 frá 20. júní 2019 um ramma til fyrirbyggjandi endurskipulagningar, um niðurfellingu skulda og sviptingu réttar og um ráðstafanir til að efla skilvirkni ferlis vegna endurskipulagningar, ógjaldfærni og niðurfellingar skulda og um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 (Tilskipun um endurskipulagningu og ógjaldfærni) (Stjtið. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 18).

- 11) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á heimildir aðildarríkjanna til að kveða á um öflugri vernd starfsmanna í samræmi við fyrirliggjandi réttarreglur á sviði félagsmála.
- 12) Svo unnt sé að taka tillit til lögmætra hagsmuna allra hagsmunaaðila í málsmeðferðinni sem á við um aðgerðir yfir landamæri ætti félagið að semja og birta áætlun vegna fyrirhugaðrar aðgerðar sem inniheldur mikilvægustu upplýsingarnar um hana. Þegar kveðið er á um það í landslögum eða í samræmi við venjur í hverju ríki eða hvort tveggja ætti stjórn eða framkvæmdastjórn að taka fulltrúa starfsmanna á stjórnarstigi með í ákvörðun um áætlun vegna aðgerðar yfir landamæri. Slíkar upplýsingar ættu a.m.k. að fela í sér fyrirhugað félagsform fyrir félagið eða félögin, stofnsamninginn ef við á, samþykktirnar, fyrirhugaða leiðbeinandi tímaáætlun fyrir aðgerðina og upplýsingar um hvers kyns tryggingar sem hluthöfum og lánardrottnum bjóðast. Birta ætti tilkynningar í skránni sem upplýsir hluthafa, lánardrottna og fulltrúa starfsmanna eða starfsmennina sjálfa ef engir fulltrúar eru til staðar um að þeir megi leggja fram athugasemdir að því er varðar fyrirhugaða aðgerð. Aðildarríkin gætu einnig ákveðið að birta þurfi skýrslu óháða sérfræðings sem krafist er í þessari tilskipun.
- 13) Til að veita hluthöfum og starfsmönnum upplýsingar ætti félagið sem framkvæmir aðgerðina yfir landamæri að taka saman skýrslu fyrir þá. Skýrslan ætti að útskýra og rökstyðja lagalega og efnahagslega þætti fyrirhugaðrar aðgerðar yfir landamæri og áhrif hennar á starfsmenn. Einkum ætti í skýrslunni að útskýra áhrif aðgerðar yfir landamæri með tilliti til framtíðarstarfsemi félagsins, þ.m.t. dótturfélaga þess. Hvað hluthafa varðar ætti skýrslan að innihalda þau úrræði sem standa þeim til boða, einkum upplýsingar um rétt þeirra til að yfirgefa félagið. Hvað starfsmenn varðar ætti skýrslan að útskýra áhrif fyrirhugaðrar aðgerðar yfir landamæri á stöðu atvinnumála. Einkum ætti að útskýra í skýrslunni hvort gerðar verði einhverjar mikilvægar breytingar á ráðningarskilmálum sem mælt er fyrir um í lögum, kjarasamningum eða samningum fjölþjóðlegra félaga og á staðsetningu starfsstöðva félagsins, s.s. aðalskrifstofu. Að auki ætti skýrslan að innihalda upplýsingar um stjórnina og, eftir atvikum, starfsmenn, búnað, húsnæði og eignir fyrir og eftir aðgerð yfir landamæri og líklegar breytingar á skipulagi vinnu og launa, staðsetningu tiltekinna starfa og væntanlegar afleiðingar fyrir starfsmenn sem sinna þessum störfum og um skoðanaskipti aðila í félaginu, þ.m.t., eftir atvikum, fulltrúa starfsmanna í stjórn. Í skýrslunni ætti einnig að útskýra hvernig þessar breytingar hafa áhrif á dótturfélög félagsins.

Ekki ætti að krefjast skýrsluhluta fyrir starfsmenn þegar einu starfsmenn félagsins eru í stjórn eða framkvæmdastjórn þess. Til að efla vernd starfsmanna ættu starfsmennirnir sjálfir eða fulltrúar þeirra enn fremur að geta gefið álit sitt á þeim hluta skýrslunnar sem setur fram áhrif aðgerðar yfir landamæri á þá. Það að leggja fram skýrsluna og hvers kyns álit ætti ekki að hafa áhrif á viðeigandi upplýsinga- og samráðsferli sem kveðið er á um á landsvísi, þ.m.t. þau sem fylgja framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB ⁽⁶⁾ eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB ⁽⁷⁾. Skýrslan eða skýrslurnar, þegar þær eru gerðar hver fyrir sig, ættu að vera aðgengilegar hluthöfum og fulltrúum starfsmanna félagsins sem framkvæmir aðgerðina yfir landamæri eða, ef fulltrúar eru ekki til staðar, starfsmönnum sjálfum.

- 14) Sérfræðingur sem er óháður félaginu ætti að fara yfir áætlun vegna aðgerðar yfir landamæri, boð um bætur í peningum sem félagið býður þeim hluthöfum sem vilja yfirgefa félagið og, eftir atvikum, skiptihlutfall hlutabréfa, þ.m.t. fjárhæð viðbótargreiðslu í peningum sem er innifalin í áætluninni. Að því er óháði sérfræðingsins varðar ættu aðildarríkin að taka tillit til þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 22. gr. og 22. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽⁸⁾.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísi, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögbodna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EEB og 83/349/EEB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EEB (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

- 15) Upplýsingarnar sem félagið birtir ættu að vera ítarlegar og gera hagsmunaaðilum kleift að meta áhrif fyrirhugaðrar aðgerðar yfir landamæri. Hins vegar ætti félögum ekki að vera skylt að birta trúnaðarupplýsingar ef birting þeirra yrði skaðleg viðskiptastöðu þeirra, í samræmi við lög Sambandsins eða landslög. Það að birta ekki upplýsingarnar ætti ekki að grafa undan öðrum kröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 16) Á grundvelli áætlunarinnar og skýrslanna ætti hluthafafundur hluthafa félagsins eða félaganna að ákveða hvort samþykka eigi áætlunina og nauðsynlegar breytingar á stofnsamningum, þ.m.t. samþykktunum. Mikilvægt er að tilskilinn meirihluti vegna atkvæðagreiðslunnar sé nægilega stór til að tryggja að ákvörðunin sé tekin með traustum meirihluta. Að auki ættu hluthafar einnig að hafa rétt til að greiða atkvæði um hvers kyns fyrirkomulag varðandi þátttöku starfsmanna ef þeir hafa áskilið sér þann rétt á hluthafafundi.
- 17) Komið hefur í ljós að skortur á samræmingu verndarráðstafana fyrir hluthafa er hindrun í vegi aðgerða yfir landamæri. Félög og hluthafar þeirra standa frammi fyrir margs konar vernd sem leiðir til flækja og réttaróvissu. Hluthöfum ætti því að bjóðast sama lágmarksvernd óháð því í hvaða aðildarríki félagið er staðsett. Aðildarríkin ættu því að geta viðhaldið eða tekið upp viðbótarreglur um vernd hluthafa nema slíkar reglur stangist á við þær reglur sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða staðfesturéttinn. Einstaklingsbundinn réttur hluthafa til upplýsinga ætti að haldast óbreyttur.
- 18) Í kjölfar aðgerðar yfir landamæri standa hluthafar oft frammi fyrir aðstæðum þar sem lög um réttindi þeirra breytast vegna þess að þeir verða hluthafar í félagi sem fellur undir lög annars aðildarríkis en þess sem það féll undir lög hjá fyrir aðgerðina. Aðildarríkin ættu því að kveða á um a.m.k. að hluthafar sem eiga hluti með atkvæðisrétti og greiddu atkvæði gegn samþykkt áætlunarinnar eigi rétt á að yfirgefa félagið og taka við bótum í peningum fyrir hluti sína sem samsvarar virði hlutanna. Á hinn bóginn ætti aðildarríkjunum að vera frjálst að ákveða að rýmka þann rétt þannig að hann nái einnig til annarra hluthafa, s.s. hluthafa sem eiga hluti án atkvæðisréttar eða hluthafa sem eignast, í kjölfar skiptingar yfir landamæri, hluti í viðtökufélaginu í öðrum hlutföllum en þeir höfðu fyrir aðgerðina eða til hluthafa þar sem gildandi lög breytast ekki en tiltekin réttindi myndu breytast vegna aðgerðarinnar. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á innlendar reglur um gildi samninga um sölu og framsal hlutabréfa í félögum eða kröfur um sérstök lögákveðin rekstrarform. Aðildarríkin ættu sem dæmi að geta krafist lögbókunarskjals eða staðfestingar á undirskriftum.
- 19) Félög ættu, að því marki sem mögulegt er, að geta lagt mat á kostnað sem tengist aðgerð yfir landamæri. Hluthöfum ætti því að vera skylt að tilkynna félaginu um það hvort þeir hafi ákveðið að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum. Þessi krafa ætti ekki að hafa áhrif á formlegar kröfur sem mælt er fyrir um í landslögum. Hluthöfum ætti einnig að vera skylt að tilgreina, samhliða þeirri yfirlýsingu eða innan tiltekins tímafrests, hvort þeir hyggist mótmæla bótum í peningum sem boðnar eru og gera kröfu um viðbótarbætur í peningum.
- 20) Byggja ætti útreikninga á tilboði um bætur í peningum á almennt viðurkenndum matsaðferðum. Hluthafar ættu einnig að eiga rétt á að mótmæla útreikningunum, og véfengja að viðkomandi bætur í peningum séu nægilegar, frammi fyrir lögbæru stjórnvaldi eða dómssvaldi eða hjá stofnun sem er veitt umboð samkvæmt landslögum, þ.m.t. gerðardómar. Aðildarríkin ættu að geta kveðið á um að hluthafar, sem hafa lýst yfir þeirri ákvörðun að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum, eigi rétt á slíkri málsmeðferð. Aðildarríkin ættu einnig að geta ákveðið tímamörk í landslögum vegna þátttöku í slíkri málsmeðferð.
- 21) Hvað varðar samruna eða skiptingar yfir landamæri ættu hluthafar, sem höfðu ekki eða nýttu sér ekki réttinn til að yfirgefa félagið, engu að síður að eiga rétt á að mótmæla skiptihlutfalli hlutabréfa. Við mat á því hvort skiptihlutfall hlutabréfa sé fullnægjandi ætti lögbært stjórnvald eða dómssvald eða stofnun sem er veitt umboð samkvæmt landslögum einnig að taka tillit til fjárhæðar hvers kyns viðbótargreiðslna í peningum sem falla undir áætlunina.
- 22) Í kjölfar aðgerðar yfir landamæri gætu fyrrum lánardrottinnar félagsins eða félaganna sem framkvæmir aðgerðina séð áhrif á kröfur sínar af því þegar félagið, sem er ábyrgt fyrir skuldinni, fellur eftir aðgerðina undir lög annars aðildarríkis. Reglur um vernd lánardrottna eru eins og er mismunandi á milli aðildarríkja sem eykur mjög á flækjustig í því ferli að framkvæma aðgerðir yfir landamæri og leiðir til óvissu bæði fyrir viðkomandi félög og lánardrottna þeirra í tengslum við endurheimt eða fullnustu krafna þeirra.

- 23) Til að tryggja að lánardrottinnar njóti viðeigandi verndar í málum þegar þeir eru ósáttir við þá vernd sem félagið býður í áætluninni og hafa ekki fundið viðunandi lausn með félaginu ættu lánardrottinnar, sem hafa tilkynnt félaginu það fyrir fram, að geta sótt um verndarráðstafanir hjá viðeigandi yfirvaldi. Við mat á slíkum verndarráðstöfunum ætti viðeigandi yfirvald að taka tillit til þess hvort krafa lánardrottins á hendur félaginu eða þriðja aðila sé a.m.k. jafngild að verðgildi og með sambærilegt lánshæfi og hún hafði fyrir aðgerðina yfir landamæri og hvort leggja megi kröfuna fram í sömu lögsögu.
- 24) Aðildarríkin ættu að tryggja að lánardrottinnar, sem stofnuðu til tengsla við félagið áður en félagið opinberaði ásetning sinn um að framkvæma aðgerð yfir landamæri, njóti fullnægjandi verndar. Eftir að áætlun vegna aðgerðar yfir landamæri hefur verið birt ættu lánardrottinnar að geta tekið tillit til hugsanlegra áhrifa af breyttri lögsögu og gildandi lögum í kjölfar aðgerðar yfir landamæri. Lánardrottinnar sem til stendur að vernda gætu verið núverandi og fyrrverandi starfsmenn sem hafa áunnið sér starfstengd lífeyrisréttindi og einstaklingar sem fá starfstengdan lífeyri. Til viðbótar almennum reglum sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 ⁽⁹⁾ ættu aðildarríkin að kveða á um að slíkir lánardrottinnar hafi rétt til þess að leggja fram kröfu í aðildarríkinu sem farið er frá í tvö ár eftir að breyting yfir landamæri hefur tekið gildi. Tveggja ára verndartíminn sem kveðið er á um í þessari tilskipun að því er varðar þá lögsögu sem lánardrottinnar, með kröfur frá því fyrir birtingu áætlunar vegna breytingar yfir landamæri, geta beitt ætti ekki að hafa áhrif á landslög sem ákvarða fyrningarfrest krafna.
- 25) Til að vernda lánardrottina gegn hættu á ógjaldfærni félagsins eftir aðgerð yfir landamæri ætti aðildarríkjum einnig að vera heimilt að krefjast þess að félag eða félög setji fram yfirlýsingu um gjaldfærni þar sem fram kemur að þeim sé ekki kunnugt um neina ástæðu fyrir því að félagið eða félögin sem verða til við aðgerð yfir landamæri myndu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Við þær aðstæður ættu aðildarríkin að geta gert stjórnarmeðlimi persónulega ábyrga fyrir áreiðanleika yfirlýsingarinnar. Þar sem lagahefðir eru mismunandi á milli aðildarríkjanna að því er varðar notkun yfirlýsinga um gjaldfærni og mögulegar afleiðingar þeirra ætti það að vera undir aðildarríkjunum komið að ákveða viðeigandi afleiðingar af því að veita rangar eða misvísandi yfirlýsingar sem ættu, í samræmi við lög Sambandsins, að fela í sér viðurlög og bótaábyrgð sem eru skilvirk og í réttu hlutfalli við brotið.
- 26) Mikilvægt er að tryggja að réttindi starfsmanna til upplýsinga og samráðs með skírskotun til aðgerða yfir landamæri séu að fullu virt. Upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn í tengslum við aðgerðir yfir landamæri ætti að fara fram í samræmi við lagarammann sem kveðið er á um í tilskipun 2002/14/EB og, eftir atvikum að því er varðar fyrirtæki er starfa á Bandalagsvísu eða hópa fyrirtækja er starfa á Bandalagsvísu, í samræmi við tilskipun 2009/38/EB og einnig, þegar samruni eða skipting yfir landamæri telst vera flutningur fyrirtækis í skilningi tilskipunar ráðsins 2001/23/EB ⁽¹⁰⁾, í samræmi við tilskipun 2001/23/EB. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun ráðsins 98/59/EB ⁽¹¹⁾, tilskipun 2001/23/EB, tilskipun 2002/14/EB eða tilskipun 2009/38/EB. Þar sem mælt er fyrir um samræmda málsmeðferð vegna aðgerða yfir landamæri í þessari tilskipun þykir á hinn bóginn rétt að tilgreina sérstaklega innan hvaða tímaramma upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn í tengslum við aðgerð yfir landamæri ættu að eiga sér stað.
- 27) Fulltrúar starfsmanna, sem kveðið er á um í landslögum, eða, eftir atvikum, í samræmi við venjur í hverju ríki ættu einnig að ná yfir allar viðeigandi stofnanir sem komið er á fót í samræmi við lög Sambandsins, s.s. Evrópska samstarfsráðið sem komið var á fót í samræmi við tilskipun 2009/38/EB og fulltrúanefndina sem komið var á fót í samræmi við tilskipun ráðsins 2001/86/EB ⁽¹²⁾.
- 28) Aðildarríkin ættu að tryggja að fulltrúar launamanna njóti viðeigandi verndar og trygginga við störf sín, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2002/14/EB, til að þeir geti innt skyldustörf sín vel af hendi.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtið. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtið. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).

⁽¹¹⁾ Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).

⁽¹²⁾ Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtið. EB L 294, 10.11.2001, bls. 22).

- 29) Til að gera megi greiningu á þeirri skýrslu sem er fyrir starfsmenn ætti félag sem framkvæmir aðgerð yfir landamæri að veita fulltrúum starfsmanna nauðsynleg tilföng til að gera þeim kleift að nýta sér þau réttindi sem af þessari tilskipun leiðir með viðeigandi hætti.
- 30) Til að tryggja að þátttaka starfsmanna verði ekki takmörkuð með óeðlilegum hætti vegna aðgerðar yfir landamæri, í því tilviki þegar félagið sem framkvæmir aðgerð yfir landamæri hefur komið á fót kerfi vegna þátttöku starfsmanna, ætti félag eða félög, sem verða til við aðgerð yfir landamæri, að vera á félagsformi sem gerir það kleift að nýta slík þátttökuréttindi, þ.m.t. á grundvelli þess að fulltrúar starfsmanna taka þátt í viðkomandi framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins eða félaganna. Í því tilviki ættu samningaviðræður, þegar þær fara fram í góðri trú á milli félagsins og starfsmanna þess, enn fremur að fara fram í samræmi við málsmæðferðina sem kveðið er á um í tilskipun 2001/86/EB með það í huga að finna friðsamlega lausn sem samræmir rétt félagsins til að framkvæma aðgerð yfir landamæri og rétt starfsmanna til þátttöku. Í kjölfar slíkra samningaviðræðna ætti annaðhvort sérsniðin og samþykkt lausn eða, ef samkomulag er ekki til staðar, staðlaðar reglur, eins og fram kemur í viðaukanum við tilskipun 2001/86/EB, að gilda að breyttu breytanda. Til að vernda samþykktu lausnina eða beitingu þessara stöðluðu regla ætti félagið ekki að geta fellt niður þátttökuréttinn með því að framkvæma innan fjögurra ára breytingu, samruna eða skiptingu, hvort sem það er yfir landamæri eða innanlands.
- 31) Til að koma í veg fyrir að réttindi starfsmanna til þátttöku séu sniðgengin með aðgerð yfir landamæri ætti félag eða félög, sem framkvæma slíka aðgerð og skráð eru í aðildarríkinu sem kveður á um þátttökuréttindi starfsmanna, ekki að geta framkvæmt slíka aðgerð yfir landamæri án þess að hefja fyrst samningaviðræður við starfsmenn eða fulltrúa þeirra þegar meðalfjöldi starfsmanna sem starfa fyrir félagið er jafn fjórum fimmtu hlutum af landsbundnum viðmiðun-armörkum sem kallar á slíka þátttöku starfsmanna.
- 32) Aðild allra hagsmunaaðila að aðgerð yfir landamæri, einkum aðild starfsmanna, stuðlar að því að félög beiti sjálfbærri nálgun til lengri tíma á öllum innri markaðnum. Að því er þetta varðar gegna verndarráðstafanir og efling þátttökuréttinda starfsmanna í stjórn félagsins mikilvægu hlutverki, einkum þegar félag flytur eða eru endurskipulagt yfir landamæri. Því er nauðsynlegt að leiða til lykta samningaviðræður um þátttökuréttindi í tengslum við aðgerðir yfir landamæri og hvetja ætti til þess.
- 33) Til að tryggja rétta skiptingu verkefna milli aðildarríkja og skilvirkt og áhrifaríkt fyrirframefirlit með aðgerðum yfir landamæri ættu lögbær yfirvöld í aðildarríkjum félags eða félaga sem framkvæma aðgerð yfir landamæri að hafa valdheimildir til að gefa út vottorð fyrir breytingu, samruna eða skiptingu (hér á eftir nefnt „vottorð fyrir aðgerð“). Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum félagsins eða félaganna sem verða til í kjölfar aðgerðar yfir landamæri ættu ekki að geta samþykkt aðgerð yfir landamæri án slíks vottorðs.
- 34) Til að gefa út vottorð fyrir aðgerð ættu aðildarríki félagsins eða félaganna sem framkvæma aðgerðina yfir landamæri að tilnefna, í samræmi við landslög, yfirvald eða yfirvöld sem eru til þess bær að athuga lögmæti aðgerðarinnar gaumgæfilega. Lögbært yfirvald gæti verið dómstóll, lögbókandi eða önnur yfirvöld, skattayfirvald eða fjármálaþjónustuyfirvald. Ef fleira en eitt lögbært yfirvald er til staðar ætti félagið að geta sótt um vottorð fyrir aðgerð hjá einu lögbæru yfirvaldi, sem aðildarríkin tilnefna, sem ætti að taka upp samstarf við önnur lögbær yfirvöld. Lögbæra yfirvaldið ætti að meta hvort öll viðeigandi skilyrði séu uppfyllt og hvort málsmæðferðarreglur og formsatriði séu frágengin í því aðildarríki og ætti að ákveða hvort gefa eigi út vottorð fyrir aðgerð innan þriggja mánaða frá umsókn félagsins, nema lögbæra yfirvaldið hafi alvarlegar efasemdir sem gefa til kynna að aðgerð yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi, og matið krefjist þess að viðbótarupplýsingar séu skoðaðar eða viðbótarannsókn fari fram.
- 35) Við tilteknaðar aðstæður er hægt að nota réttindi félaga til að framkvæma aðgerð yfir landamæri til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi, s.s. til að sniðganga réttindi starfsmanna, greiðslu almannatrygginga eða skattaskuldbindingar, eða í glæpsamlegum tilgangi. Einkum er mikilvægt að vinna gegn „skúffu-“ eða „leppfélögum“ sem stofnuð eru í þeim tilgangi að víkja sér undan, sniðganga eða brjóta lög Sambandsins eða landslög. Ef lögbært yfirvald kemst á snoðir um það við athugun á lögmæti aðgerðar yfir landamæri, þ.m.t. með samráði við viðkomandi yfirvöld, að aðgerð yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi, ætti það ekki að gefa út vottorð fyrir aðgerð.

Viðkomandi málsmeðferðarreglur, þ.m.t. hvers kyns mat, ætti að framkvæma í samræmi við landslög. Í slíkum tilvikum ætti lögbært yfirvald að geta framlengt matstímabil um að hámarki þrjá mánuði.

- 36) Ef lögbært yfirvald hefur alvarlegar grunsemdir um að aðgerð yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi ætti matið að taka til allra viðkomandi staðreynda og málavaxta og ætti að lágmarki að taka tillit til, ef við á, leiðbeinandi þátta varðandi einkenni félagsins í aðildarríkinu þar sem til stendur að skrá félagið eða félögin eftir aðgerð yfir landamæri, þ.m.t. tilgangur aðgerðarinnar, geiri, fjárfesting, hrein velta og rekstrarreikningur, fjöldi starfsmanna, samsetning efnahagsreiknings, skattaleg heimilisfesti, eignir og staðsetning þeirra, raunverulegir eigendur félagsins, fastur vinnustaður starfsmanna og sérhópa starfsmanna, á hvaða stað greiða skal framlag til félagslegra kerfa, fjöldi útsendra starfsmanna á næstliðnu ári fyrir aðgerð yfir landamæri í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ⁽¹³⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB ⁽¹⁴⁾, fjöldi starfsmanna sem vinnur samtímis í fleiri en einu aðildarríki í skilningi reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og viðskiptaáhætta sem félagið eða félögin taka á sig fyrir og eftir aðgerð yfir landamæri.

Matið ætti einnig að taka tillit til viðkomandi staðreynda og málavaxta varðandi réttindi starfsmanna til þátttöku, einkum að því er varðar samningaviðræður um slík réttindi þegar þær viðræður hefjast við það að fjórum fimmtu hlutum viðkomandi innlendra viðmiðunarmarka er náð. Aðeins ætti að líta á alla þessa þætti sem leiðbeinandi þætti í heildarmatinu og því ætti ekki að skoða þá eina sér. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að líta svo á að ef aðgerð yfir landamæri leiðir til þess að virk framkvæmdastjórn eða atvinnustarfsemi félagsins verði staðsett í aðildarríkinu þar sem félagið eða félögin verða skráð eftir aðgerð yfir landamæri þá gefi það til kynna að aðstæður sem leiði til misnotkunar eða svika séu ekki til staðar.

- 37) Lögbært yfirvald ætti einnig að geta fengið allar viðkomandi upplýsingar og skjöl frá félaginu sem framkvæmir aðgerðina yfir landamæri, eða öðrum lögbærum yfirvöldum, þ.m.t. í viðtökuaðildarríkinu, til að framkvæma athugun á lögmæti aðgerðar yfir landamæri innan málsmeðferðarramma sem mælt er fyrir um í landslögum. Aðildarríkin ættu að geta mælt fyrir um mögulegar afleiðingar af málsmeðferð, sem hluthafar og lánardrottinnar hefja í samræmi við þessa tilskipun, á útgáfu vottorðs fyrir aðgerð.
- 38) Við það mat sem krafist er til að fá vottorð fyrir aðgerð ætti lögbært yfirvald að geta nýtt sér þjónustu óháðs sérfræðings. Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur til að tryggja að sérfræðingurinn, eða lögaðilinn sem sérfræðingurinn starfar fyrir, sé óháður félaginu sem sækir um vottorð fyrir aðgerð. Lögbært yfirvald ætti að tilnefna sérfræðinginn og hann ætti ekki að hafa nein fyrri eða virk tengsl við viðkomandi félag sem gætu haft áhrif á óhæði sérfræðingsins.
- 39) Til að tryggja að félagið sem framkvæmir aðgerðina yfir landamæri skaði ekki lánardrottina sína ætti lögbært yfirvald einkum að geta kannað hvort félagið hafi uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart opinberum lánardrottnum og hvort útistandandi skuldbindingar hafi verið nægilega tryggðar. Einkum ætti lögbært yfirvald að geta kannað hvort félagið sé þátttakandi í málarekstri fyrir dómstóli sem varðar t.a.m. brot á lögum um félagsmál, vinnulöggjöf eða umhverfislöggjöf, þar sem niðurstaðan gæti leitt til þess að frekari skuldbindingar verði lagðar á félagið, þ.m.t. að því er varðar borgara og einkaaðila.
- 40) Aðildarríkin ættu að kveða á um verndarráðstafanir sem varða málsmeðferð í samræmi við almennar meginreglur um aðgang að réttarkerfinu, þ.m.t. kveða á um möguleikann á endurskoðun ákvarðana lögbærs yfirvalds í málsmeðferð er varðar aðgerðir yfir landamæri, möguleikann á að seinka gildistíma vottorðs fyrir aðgerð í því skyni að gera aðilum kleift að höfða mál fyrir þar til bærum dómstóli og möguleikann á að leyfa tímabundnar ráðstafanir, eftir því sem við á.

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtið. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

- 41) Aðildarríkin ættu að tryggja að hægt sé að ljúka tilteknum málsmeðferðarstigum, þ.e.a.s. birta áætlun, umsókn um vottorð fyrir aðgerð ásamt framlagningu upplýsinga og skjala fyrir athugun viðtökuaðildarríkis á lögmæti aðgerðar yfir landamæri, að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkjunum. Reglur um notkun stafrænna tóla og ferla í félagarétti, þ.m.t. viðkomandi verndarráðstafanir, ættu að gilda eftir því sem við á. Lögbært yfirvald ætti að geta tekið við umsókn á netinu um vottorð fyrir aðgerð, þ.m.t. framlagning á upplýsingum og skjölum, nema það sé, í sérstökum undantekningartilvikum, tæknilega ómögulegt fyrir lögbæra yfirvaldið.
- 42) Til þess að draga úr kostnaði og stytta málsmeðferð og minnka stjórnsýslubyrði félaga ættu aðildarríkin að beita meginreglunni um að leggja fram upplýsingar aðeins einu sinni á sviði félagaréttar sem felur það í sér að félög þurfa ekki að leggja fram sömu upplýsingar hjá fleiri en einu opinberu yfirvaldi. Félög ættu t.d. ekki að þurfa að leggja sömu upplýsingarnar inn bæði hjá landsbundnu skránni og lögbirtingablaðinu.
- 43) Til þess að kveða á um viðeigandi gagnsæi og notkun stafrænna tóla og ferla ætti að miðla vottorðum fyrir aðgerð, sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum í mismunandi aðildarríkjum, í gegnum samtengingarkerfi skráa og gera þau aðgengileg öllum. Í samræmi við almennu meginregluna sem liggur til grundvallar tilskipun (ESB) 2017/1132 ættu slík upplýsingaskipti ávallt að vera án endurgjalds.
- 44) Breyting yfir landamæri felur í sér breytingu á félagsformi félags án þess að félagið missi réttarstöðu sína sem lögaðili. Hins vegar ættu hvorki breyting yfir landamæri né samruni eða skipting yfir landamæri að leiða til sniðgöngu á kröfum vegna stofnsetningar í aðildarríkinu þar sem félagið verður skráð eftir viðkomandi aðgerð yfir landamæri. Félagið ætti að virða að fullu slík skilyrði, þ.m.t. kröfur um að staðsetja aðalskrifstofu í viðtökuaðildarríkinu og kröfur er varða vanhæfi stjórnenda. Ef um er að ræða breytingar yfir landamæri ætti beiting slíkra skilyrða af hálfu viðtökuaðildarríkis þó ekki að hafa áhrif á samfellu í réttarstöðu breytta félagsins sem lögaðila.
- 45) Þegar vottorð fyrir aðgerð hefur verið mótttekið og eftir að staðfesting hefur fengist á því að lagaskilyrðum aðildarríkisins þar sem félagið verður skráð eftir aðgerð yfir landamæri hafi verið fullnægt, þ.m.t. hugsanleg könnun á því hvort aðgerð yfir landamæri feli í sér sniðgöngu á lögum Sambandsins eða landslögum, ættu lögbær yfirvöld að skrá félagið í skrá aðildarríkisins. Aðeins eftir þessa skráningu ætti lögbært yfirvald í fyrra aðildarríki félagsins eða félaganna sem framkvæma aðgerð yfir landamæri að fella félagið af skrá hjá sér. Það ætti ekki að vera mögulegt fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem félagið verður skráð eftir aðgerð yfir landamæri að rengja upplýsingar sem veittar eru í vottorð fyrir aðgerð.
- 46) Til að auka gagnsæi í aðgerðum yfir landamæri er mikilvægt að skrár viðkomandi aðildarríkja innihaldi nauðsynlegar upplýsingar frá öðrum skráum um félögin sem taka þátt í þessum aðgerðum til þess að geta rakið feril þessara félaga. Einkum ætti mappan í skránni þar sem félagið var skráð fyrir aðgerð yfir landamæri að innihalda nýja skráningarnúmerið sem félaginu er úthlutað eftir aðgerðina yfir landamæri. Að sama skapi ætti mappan í skránni þar sem félagið er skráð eftir aðgerð yfir landamæri að innihalda upphaflega skráningarnúmerið sem félaginu var úthlutað fyrir aðferð yfir landamæri.
- 47) Í kjölfar breytingar yfir landamæri ætti félagið sem verður til við breytinguna („breytta félagið“) að halda réttarstöðu lögaðila, eignum og skuldum og öllum réttindum sínum og skyldum, þ.m.t. réttindum og skyldum sem rekja má til samninga, aðgerða eða aðgerðaleyxis. Einkum ætti breytta félagið að virða öll réttindi og skyldur sem rekja má til ráðningarsamninga eða ráðningarsambanda, þ.m.t. allir kjarasamningar.
- 48) Í kjölfar samruna yfir landamæri ættu eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur, þ.m.t. réttindi og skyldur sem rekja má til samninga, aðgerða eða aðgerðaleyxis, að flytjast til yfirtökufélagsins eða nýja félagsins, og hluthafar samrunafélaganna sem nýttu ekki réttinn til að yfirgefa félagið ættu að verða hluthafar í yfirtökufélaginu eða nýja félaginu, eftir því sem við á. Einkum ætti yfirtökufélagið eða nýja félagið að virða öll réttindi og skyldur sem rekja má til ráðningarsamninga eða ráðningarsambanda, þ.m.t. allir kjarasamningar.

- 49) Í kjölfar skiptingar yfir landamæri ættu eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur, þ.m.t. réttindi og skyldur sem rekja má til samninga, aðgerða eða aðgerðaleysis, að flytjast til viðtökufélaganna í samræmi við skiptinguna sem tilgreind er í skiptingaráætluninni, og hluthafar félagsins sem er skipt sem nýttu ekki réttinn til að yfirgefa félagið ættu áfram að vera hluthafar í félaginu sem er skipt eða verða hluthafar í báðum félögum. Einkum ættu viðtökufélögin að virða öll réttindi og skyldur sem rekja má til ráðningarsamninga eða ráðningarsambanda, þ.m.t. allir kjarasamningar.
- 50) Til að tryggja réttaröryggi ætti ekki að vera mögulegt að lýsa ógilda aðgerð yfir landamæri sem hefur tekið gildi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þessi takmörkun ætti ekki að hafa áhrif á heimildir aðildarríkja, m.a. í tengslum við refsirétt, forvarnir og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka, félagsmálarétt, skattlagningu og löggæslu samkvæmt landslögum, einkum þegar lögbær eða önnur viðkomandi yfirvöld ákvarða, einkum með nýjum efnislegum upplýsingum, eftir að aðgerð yfir landamæri tekur gildi, að aðgerð yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi. Í þessu samhengi gætu lögbær yfirvöld einnig lagt mat á hvort viðeigandi landsbundnum viðmiðunarmörkum vegna þátttöku starfsmanna í aðildarríki félagsins, sem framkvæmir aðgerðina yfir landamæri, hafi verið fylgt eða farið yfir þau mörk á árunum eftir aðgerðina yfir landamæri.
- 51) Aðgerð yfir landamæri ætti ekki að hafa áhrif á skuldir vegna skattaskuldbindinga sem tengjast starfsemi félagsins fyrir þá aðgerð.
- 52) Til að tryggja önnur réttindi starfsmanna en réttinn til þátttöku hefur þessi tilskipun ekki áhrif á tilskipanir 98/59/EB, 2001/23/EB, 2002/14/EB og 2009/38/EB. Landslög ættu einnig að gilda um málefni utan gildissviðs þessarar tilskipunar, s.s. skatta og félagslegt öryggi.
- 53) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lagaákvæði eða stjórnsýsluákvæði landslaga að því er varðar skatta í aðildarríkjunum eða svæðis- eða stjórnsýsluumdæmum þeirra, þ.m.t. framfylgd skattaregla í aðgerðum yfir landamæri.
- 54) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipanir ráðsins 2009/133/EB ⁽¹⁵⁾, (ESB) 2015/2376 ⁽¹⁶⁾, (ESB) 2016/881 ⁽¹⁷⁾, (ESB) 2016/1164 ⁽¹⁸⁾ og (ESB) 2018/822 ⁽¹⁹⁾.
- 55) Þessi tilskipun er með fyrirvara um ákvæðin tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽²⁰⁾ sem fjalla um áhættu af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, einkum skuldbindingar sem þar er kveðið á um að því er varðar viðeigandi ráðstafanir til að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn á grundvelli áhættumats og þær sem varða auðkenningu og skráningu á raunverulegum eiganda allra nýlegra stofnaðra eininga í aðildarríkinu þar sem hún var stofnuð.
- 56) Tilskipunin hefur ekki áhrif á lög Sambandsins er varða gagnsæi og réttindi hluthafa í skráðum félögum eða innlendar reglur sem settar eru eða innleiddar samkvæmt lögum Sambandsins.
- 57) Tilskipunin hefur ekki áhrif á lög Sambandsins um lánamiðlara og önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði eða innlendar reglur sem settar eru eða innleiddar samkvæmt lögum Sambandsins.

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 2009/133/EB frá 19. október 2009 um sameiginlegt skattkerfi sem gildir um samruna, skiptingu, skiptingu að hluta til, framsal eigna og skipti á hlutabréfum varðandi fyrirtæki í mismunandi aðildarríkjum og um flutning á skráðri skrifstofu Evrópufélags eða evrópsks samvinnufélags á milli aðildarríkja (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2009, bls. 34).

⁽¹⁶⁾ Tilskipun ráðsins (ESB) 2015/2376 frá 8. desember 2015 um breytingu á tilskipun 2011/16/ESB að því er varðar skyldubundin sjálfvirk skipti á upplýsingum á sviði skattlagningar (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2015, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun ráðsins (ESB) 2016/881 frá 25. maí 2016 um breytingu á tilskipun 2011/16/ESB að því er varðar skyldubundin sjálfvirk skipti á upplýsingum á sviði skattlagningar (Stjtið. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 8).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun ráðsins (ESB) 2016/1164 frá 12. júlí 2016 um reglur gegn aðferðum við skattundanskot sem hafa bein áhrif á starfsemi innri markaðarins (Stjtið. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun ráðsins (ESB) 2018/822 frá 25. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2011/16/ESB að því er varðar skyldubundin sjálfvirk skipti á upplýsingum á sviði skattlagningar í tengslum við tilkynningarskylt fyrirkomulag yfir landamæri (Stjtið. ESB L 139, 5.6.2018, bls. 1).

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

- 58) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að auðvelda og setja reglur um breytingar, samruna og skiptingar yfir landamæri, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 59) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 60) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringarskjöl ⁽²¹⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið á milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæringa. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.
- 61) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á þessa tilskipun, þ.m.t. á framkvæmd ákvæða um upplýsingar, samráð og þátttöku starfsmanna í tengslum við aðgerðir yfir landamæri. Matið ætti einkum að miða að því að meta aðgerðir yfir landamæri þar sem samningaviðræður um þátttöku starfsmanna hefjast við það að fjórum fimmtu hlutum viðkomandi viðmiðunarmarka er náð og að því að kanna, eftir viðkomandi aðgerð yfir landamæri, hvort þessi félög hafi fylgt eða fari yfir viðkomandi viðmiðunarmörk vegna þátttöku starfsmanna í aðildarríki félagsins sem framkvæmdi aðgerðina yfir landamæri. Samkvæmt 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽²²⁾ („samstarfssamningur milli stofnana“) ætti þetta mat að byggjast á viðmiðununum fimm um skilvirkni, árangur, mikilvægi, samræmi og virðisauka og liggja til grundvallar mati á áhrifum mögulegum frekari ráðstöfunum.
- 62) Safna ætti upplýsingum til að meta árangur af ákvæðum þessarar tilskipunar í tengslum við markmiðin sem hún leitast við að ná og í því skyni að leggja grunn að mati á tilskipun (ESB) 2017/1132 í samræmi við 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana.
- 63) Því ætti að breyta tilskipun (ESB) 2017/1132 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun (ESB) 2017/1132

Tilskipun (ESB) 2017/1132 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað sjötta undirliðar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„– breytingar, samruna og skiptingar félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri,“.

- 2) Eftirfarandi liður bætist við í 3. mgr. 18. gr.:

„aa) skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 86. gr. g, 86. gr. n, 86. gr. p, 123. gr., 127. gr. a, 130. gr., 160. gr. g, 160. gr. n og 160. gr. p,“.

- 3) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) ítarlegan lista yfir gögn sem senda á í því skyni að skiptast á upplýsingum milli skráa eins og um getur í 20. gr., 28. gr. a, 28. gr. c, 30. gr. a og 34. gr.,“.

- b) Eftirfarandi liður bætist við:

„ea) ítarlegan lista yfir gögn sem senda á í því skyni að skiptast á upplýsingum milli skráa og að því er varðar birtingu upplýsinga eins og um getur í 86. gr. g, 86. gr. n, 86. gr. p, 123. gr., 127. gr. a, 130. gr., 160. gr. g, 160. gr. n og 160. gr. p,“.

⁽²¹⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1

c) Eftirfarandi málslið er bætt við í þriðju málsgrein:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðirnar, sem um getur í ea-lið, fyrir 2. júlí 2020.“

4) Í stað fyrirsagnar II. bóls kemur eftirfarandi:

„BREYTINGAR, SAMRUNI OG SKIPTINGAR FÉLAGA MEÐ TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ“.

5) Bæta skal eftirfarandi kafla við á undan I. kafla II. bóls:

„I. KAFLI

Breytingar yfir landamæri

86. gr. a

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um breytingar á félögum með takmarkaðri ábyrgð sem stofnsett eru í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan Sambandsins, í félag með takmarkaðri ábyrgð sem fellur undir lög annars aðildarríkis.

2. Þessi kafli gildir ekki um breytingar yfir landamæri sem ná til félags sem hefur að markmiði sameiginlega fjárfestingu eigin fjár sem almenningur leggur til, sem starfar í samræmi við meginregluna um áhættudreifingu og ef hlutdeildarskírteini þeirra eru, að ósk eiganda skírteinanna, endurkeypt eða innleyst, með beinum eða óbeinum hætti, af eignum félagsins. Aðgerðir sem slíkt félag gripur til í því skyni að tryggja að verð slíkra hlutdeildarskírteina í kauphöll víki ekki verulega frá innra virði þeirra skulu teljast jafngildar slíkum endurkaupum eða innlausn.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að þessi kafli gildi ekki um félög í einhverjum af eftirtöldum aðstæðum:

- a) félag sem er í skiptameðferð og hefur hafið úthlutun eigna til hluthafa sinna,
- b) félag sem fellur undir skilameðferðarúræði, heimildir og fyrirkomulag sem kveðið er á um í IV. bóli tilskipunar 2014/59/ESB.
- 4. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessum kafla ekki gagnvart félögum sem:
 - a) eru í ógjaldfærnimeðferð eða falla undir fyrirbyggjandi endurskipulagningarramma,
 - b) eru í skiptameðferð annarri en þeirri sem um getur í a-lið 3. mgr. eða
 - c) falla undir fyrirbyggjandi ráðstafanir eins og þær eru skilgreindar í 101. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

86. gr. b

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „félag“: félag með takmarkaðri ábyrgð af tegund sem skráð er í II. viðauka sem framkvæmir breytingu yfir landamæri,
- 2) „breyting yfir landamæri“: aðgerð þar sem félag, sem ekki hefur verið leyst upp, slitið eða undirgengist skiptameðferð, breytir félagsforminu sem það er skráð undir í brottfararaðildarríki í félagsform í viðtökuaðildarríki, sem skráð er í II. viðauka, og flytur í það minnsta skráða skrifstofu til viðtökuríkisins jafnframt því að halda réttarstöðu sinni sem lögaðili,
- 3) „brottfararaðildarríki“: aðildarríki þar sem félag er skráð fyrir breytingu yfir landamæri,
- 4) „viðtökuaðildarríki“: aðildarríki þar sem breytt félag er skráð í kjölfar breytingar yfir landamæri,
- 5) „breytt félag“: félag sem er stofnsett í viðtökuaðildarríki í kjölfar breytingar yfir landamæri.

86. gr. c

Málsmeðferðarreglur og formsatriði

Í samræmi við lög Sambandsins skulu lög brottfararaðildarríkis gilda um þá hluta málsmeðferðarregla og formsatriða sem fara þarf að í tengslum við breytingu yfir landamæri í því skyni að fá vottorð fyrir breytingu, og lög viðtökuaðildarríkis skulu gilda um þá hluta málsmeðferðarregla og formsatriða sem fara þarf að eftir móttöku vottorðs fyrir breytingu.

86 gr. d

Áætlun vegna breytinga yfir landamæri

Stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins skal semja áætlun vegna breytingar yfir landamæri. Í áætlun vegna breytingar yfir landamæri skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) félagsform og heiti félagsins í brottfararaðildarríkinu og staðsetning skráðrar skrifstofu í því aðildarríki,
- b) fyrirhugað félagsform og heiti breytta félagsins í viðtökuaðildarríkinu og fyrirhuguð staðsetning skráðrar skrifstofu í því aðildarríki,
- c) stofnsamningur félagsins í viðtökuaðildarríkinu, eftir atvikum, og samþykktir þess ef þær eru í aðskildum gerningi,
- d) fyrirhuguð leiðbeinandi tímaáætlun vegna breytingar yfir landamæri,
- e) réttindi sem breytta fyrirtækið veitir hluthöfum sem njóta sérstakra réttinda eða handhöfum verðbréfa annarra en hluta sem teljast til hlutafjár, eða ráðstafanir sem lagðar eru til að því er þá varðar,
- f) hvers kyns verndarráðstafanir sem bjóðast lánardrottnum, s.s. ábyrgðir og veðsetningar,
- g) hvers kyns sérstök hlunnindi sem veitt eru aðilum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins,
- h) hvort félagið hafi fengið einhverjar ívilnanir eða niðurgreiðslur í brottfararaðildarríkinu á næstliðnum fimm árum,
- i) upplýsingar um tilboð um bætur í peningum til hluthafa í samræmi við 86. gr. i,
- j) líklegar afleiðingar af breytingu yfir landamæri á störf,
- k) upplýsingar um málsmeðferð, eftir því sem við á, þegar ákvarðað er fyrirkomulag, skv. 86. gr. l, um aðild starfsmanna að skilgreiningu á réttindum þeirra til þátttöku í breytta félaginu.

86. gr. e

Skýrsla stjórnar eða framkvæmdastjórnar fyrir hluthafa og starfsmenn

1. Stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins skal taka saman skýrslu fyrir hluthafa og starfsmenn sem útskýrir og rökstyður lagalega og efnahagslega þætti fyrirhugaðrar breytingar yfir landamæri, auk þess að útskýra áhrif fyrirhugaðrar breytingar yfir landamæri á starfsmenn.

Einkum ætti í skýrslunni að útskýra áhrif breytinga yfir landamæri á framtíðarstarfsemi félagsins.

2. Skýrslan skal einnig innihalda hluta fyrir hluthafa og hluta fyrir starfsmenn.

Félagið getur ákveðið að semja eina skýrslu með þessum tveimur hlutum eða semja mismunandi skýrslur fyrir hluthafa og starfsmenn, sem innihalda viðeigandi hluta.

3. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir hluthafa skal einkum skýra eftirfarandi:

- a) bætur í peningum og aðferðina sem notuð er til að ákvarða bætur í peningum,
- b) áhrif af breytingu yfir landamæri á hluthafa,
- c) réttindi og úrræði sem standa hluthöfum til boða í samræmi við 86. gr. i.

4. Þess hluta skýrslunnar sem er fyrir hluthafa er ekki krafist ef allir hluthafar félagsins hafa samþykkt að fella niður þá kröfu. Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila ákvæðum þessarar greinar.

5. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn skal einkum skýra eftirfarandi:
- a) áhrif breytingar yfir landamæri á ráðningarsambönd ásamt, eftir atvikum, hvers kyns ráðstöfunum til að vernda þau sambönd,
 - b) hvers kyns verulegar breytingar á gildandi ráðningarskilmálum eða á staðsetningu starfsstöðva félagsins,
 - c) hvernig þættirnir sem settir eru fram í a- og b-lið hafa áhrif á dótturfélög félagsins.
6. Skýrslan eða skýrslurnar skulu ávallt vera tiltækar á rafrænu formi, ásamt áætlun vegna breytingar yfir landamæri, ef hún liggur fyrir, fyrir hluthafa og fulltrúa starfsmanna eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa, eigi síðar en sex vikum fyrir hluthafafundinn sem um getur í 86. gr. h.
7. Ef stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins fær tímanlega álit um upplýsingarnar sem um getur í 1. og 5. mgr. frá fulltrúum starfsmanna eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki til staðar, frá starfsmönnunum sjálfum, eins og kveðið er á um í innlendum lögum, skal upplýsa hluthafana um það og bæta því álitu við skýrsluna.
8. Hluta skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn skal ekki krafist ef félag og dótturfélög þess hafa enga starfsmenn aðra en þá sem eru hluti af stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins.
9. Ef þess hluta skýrslunnar, sem er fyrir hluthafa sem um getur í 3. mgr., er ekki krafist í samræmi við 4. mgr. og hlutans, sem er fyrir starfsmenn sem um getur í 5. mgr., er ekki krafist skv. 8. mgr. er skýrslunnar ekki krafist.
10. Ákvæði 1.-9. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á viðeigandi rétt til upplýsinga og samráðs og málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um á landsvísi eftir lögleiðingu tilskipana 2002/14/EB og 2009/38/EB.

86. gr. f

Skýrsla óháðs sérfræðings

1. Aðildarríkin skulu tryggja að óháður sérfræðingur kanni áætlun vegna breytingar yfir landamæri og geri skýrslu fyrir hluthafa. Þessi skýrsla skal gerð aðgengileg hluthöfum eigi síðar en einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem um getur í 86. gr. h. Sérfræðingurinn getur verið einstaklingur eða lögaðili, allt eftir lögum hvers aðildarríkis.
2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal hvað sem öðru liður fela í sér álit sérfræðings á því hvort bætur í peningum séu fullnægjandi. Við mat á bótum í peningum skal sérfræðingurinn taka tillit til markaðsverðs hlutabréfa í félaginu fyrir tilkynningu um tillögu að breytingu eða til virðis félagsins, að undanskildum áhrifum af fyrirhuguðum breytingum, eins og það er ákvarðað í samræmi við almennt viðurkenndar virðismatsaðferðir. Í skýrslunni skal a.m.k.:
- a) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að ákvarða bætur í peningum sem lagðar eru til,
 - b) tilgreina hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi vegna mats á bótum í peningum, gefa til kynna virðið sem fundið er með því að nota slíkar aðferðir og veita álit um hlutfallslegt mikilvægi sem er rakið til þessara aðferða við að finna virðið sem ákvarðað er og
 - c) lýsa hvers kyns sérstökum erfiðleikum við virðismat sem komið hafa upp.

Sérfræðingurinn skal hafa heimild til að fá frá félaginu allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir sérfræðinginn til að rækja skyldur sínar.

3. Ef allir hluthafar félagsins hafa gefið samþykki sitt þar að lútandi skal hvorki krefjast rannsóknar óháðra sérfræðinga á áætlun vegna breytingar yfir landamæri né óháðrar sérfræðingsskýrslu.

Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila frá beitingu þessarar greinar.

86. gr. g

Upplýsingagjöf

1. Aðildarríkin skulu tryggja að félagið birti eftirfarandi skjöl og geri þau aðgengileg öllum í skrá brottfararaðildarríkis, a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 86. gr. h:

- a) áætlun vegna breytingar yfir landamæri og
- b) tilkynningu sem upplýsir hluthafana, lánardrottna og fulltrúa starfsmanna félagsins eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa um að þeir geti lagt fyrir félagið, eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir dagsetningu hluthafafundarins, athugasemdir varðandi áætlun vegna breytingar yfir landamæri.

Aðildarríkin geta krafist þess að skýrsla óháða sérfræðingsins sé birt og gerð aðgengileg öllum í skránni.

Aðildarríkin skulu tryggja að félagið geti undanskilið trúnaðarupplýsingar upplýsingagjöf óháða sérfræðingsins.

Gögnin sem birt eru í samræmi við þessa málsgrein skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðildarríkin geta undanþegið félag kröfunni um upplýsingagjöf sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef þetta félag gerir gögn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn sem um getur í 86. gr. h og sem lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, aðgengileg almenningi án endurgjalds á vefsetri sínu.

Aðildarríkin skulu þó ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjalanna og sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

3. Ef félagið gerir áætlun vegna breytingar yfir landamæri aðgengilega, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, skal það leggja fram eftirfarandi upplýsingar hjá skrá brottfararaðildarríkisins a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 86. gr. h:

- a) félagsform og heiti félagsins og staðsetningu skráðrar skrifstofu þess í brottfararaðildarríkinu og fyrirhugað félagsform og heiti breytta félagsins í viðtökuaðildarríkinu og fyrirhugaða staðsetningu skráðrar skrifstofu þess í því aðildarríki,
- b) skrána þangað sem skjölin, sem um getur í 14. gr., eru send vegna félagsins og skráningarnúmer félagsins í þeirri skrá,
- c) upplýsingar um fyrirkomulag sem gengið er frá til að lánardrottnar, starfsmenn og hluthafar geti nýtt sér rétt sinn og
- d) upplýsingar um vefsetrið þar sem nálgast má áætlun vegna breytingar yfir landamæri, tilkynninguna sem um getur í 1. mgr., skýrslu óháða sérfræðingsins og tæmandi upplýsingar um fyrirkomulagið sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar á netinu, án endurgjalds.

Skrá brottfararaðildarríkisins skal gera upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar aðgengilegar öllum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að uppfylla kröfurnar, sem um getur í 1. og 3. mgr., að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæru yfirvaldi í brottfararaðildarríkinu, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

5. Til viðbótar við birtingu upplýsinganna, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríkin krafist þess að áætlun vegna breytingar yfir landamæri eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar séu birtar í lögbirtingarblaði þeirra eða á miðlægum, rafrænum vettvangi í samræmi við 3. mgr. 16. gr. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að skráin sendi viðeigandi upplýsingar til lögbirtingarblaðsins eða til miðlægs, rafræns vettvangs.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingaskjölin sem um getur í 1. mgr. eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu aðgengilegar almenningi, án endurgjalds, í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að öll gjöld sem félagið greiðir skránum fyrir birtingu upplýsinganna, sem um getur í 1. og 3. mgr. og, eftir atvikum, fyrir birtinguna, sem um getur í 5. mgr., séu ekki hærri en sem nemur kostnaði við að veita slíka þjónustu.

86. gr. h

Samþykki hluthafafundar

1. Með hliðsjón af skýrslunum sem um getur í 86. e. og 86. gr. f, eftir atvikum, álitum starfsmanna sem lögð eru fram í samræmi við 86. gr. e og athugasemdum sem lagðar eru fram í samræmi við 86. gr. g skal hluthafafundur félagsins taka ákvörðun, með samþykkt ályktunar, um hvort samþykkja beri áætlun vegna breytingar yfir landamæri og hvort aðlaga beri stofnanasamninginn og stofnsamþykktirnar ef þær er að finna í sérstöku skjali.
2. Hluthafafundur félagsins getur áskilið sér rétt til að skilyrða framkvæmd breytinga yfir landamæri við skjóta staðfestingu hans á því fyrirkomulagi sem um getur í 86. gr. l.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að samþykki áætlunar vegna breytingar yfir landamæri og hvers kyns breytinga á henni krefjist meirihluta a.m.k. tveggja þriðju hluta en ekki fleiri en 90% atkvæða, sem eru annaðhvort tengd við hlutabréfin eða við skráð hlutabréf sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Viðmiðunarmörk fyrir atkvæðagreiðslu skulu aldrei vera hærri en kveðið er á um í innlendum lögum vegna samþykkis á samruna yfir landamæri.
4. Ef ákvæði í áætlun vegna breytingar yfir landamæri eða hvers kyns breytinga á stofnsamningi fyrirtækis sem á að breyta leiðir til aukinna fjárhagslegra skuldbindinga hluthafa gagnvart félaginu eða þriðja aðila geta aðildarríkin krafist þess, við þessar tilteknu aðstæður, að hlutaðeigandi hluthafi samþykki slík ákvæði eða breytingar á stofnsamningi, að því tilskildu að sá hluthafi geti ekki nýtt sér þau réttindi sem mælt er fyrir um í 86. gr. i.
5. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafafundur geti ekki véfengt samþykkt breytinga yfir landamæri eingöngu af eftirfarandi ástæðum:
 - a) að bætur í peningum sem um getur í i-lið 86. gr. d hafi verið ákvarðaðar með ófullnægjandi hætti eða
 - b) að upplýsingarnar sem veittar voru varðandi bætur í peningum sem um getur í a-lið hafi ekki verið í samræmi við lagaskilyrði.

86. gr. i

Vernd hluthafa

1. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. þeir hluthafar í félagi sem kusu gegn samþykkt áætlunar vegna breytingar yfir landamæri hafi rétt til að ráðstafa hlutabréfum sínum gegn fullnægjandi bótum í peningum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2.-5. mgr.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að aðrir hluthafar í félaginu hafi þann rétt sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

Aðildarríkin geta krafist þess að eindregin andstaða við áætlun vegna breytingar yfir landamæri, fyrirætlun hluthafa um að nýta rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum eða hvort tveggja, sé skráð með viðeigandi hætti, a.m.k. á hluthafafundinum sem um getur í 86. gr. h. Aðildarríkin geta heimilað að skráning á andstöðu við áætlun vegna breytingar yfir landamæri teljist tilhlýðileg skráning á mótaskvæði.

2. Aðildarríkin skulu ákveða frest sem hluthöfum sem um getur í 1. mgr. er veittur til að tilkynna félaginu um ákvörðun sína um að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum. Sá frestur skal ekki vera lengri en einn mánuður eftir hluthafafundinn sem um getur í 86. gr. h. Aðildarríkin skulu tryggja að félagið láti netföng í té fyrir rafræna móttöku þeirrar yfirlýsingar.
3. Aðildarríkin skulu enn fremur ákveða þann frest sem veittur er til að greiða þær bætur í peningum sem tilgreindar eru í áætlun vegna breytingar yfir landamæri. Sá frestur skal ekki vera lengri en tveir mánuðir eftir að breyting yfir landamæri tekur gildi í samræmi við 86. gr. q.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafar, sem lýst hafa yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum en sem telja að þær bætur í peningum sem félagið býður hafi ekki verið ákvarðaðar með fullnægjandi hætti, eigi rétt á að krefjast viðbótarbóta í peningum hjá lögbæru yfirvaldi eða stofnun sem er veitt umboð samkvæmt landslögum. Aðildarríkin skulu setja tímamörk að því er varðar kröfu um viðbótarbætur í peningum.

Aðildarríkin geta kveðið á um að lokaákvörðun um að veita viðbótarbætur í peningum sé gild fyrir alla hluthafa sem lýst hafa yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum í samræmi við 2. mgr.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að lög brottfararaðildarríkisins gildi um þau réttindi sem um getur í 1.-4. mgr. og að einkavaldheimildir til að leysa ágreining að því er varðar þessi réttindi liggi innan lögsögu viðkomandi brottfararaðildarríkis.

86. gr. j

Vernd lánardrottna

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi kerfi til verndar hagsmunum lánardrottna sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu upplýsinga um áætlun vegna breytingar yfir landamæri sem féllu ekki í gjalddaga við birtingu hennar.

Aðildarríkin skulu tryggja að lánardrottnar sem eru ósáttir við verndarráðstafanir sem boðnar eru í áætlun vegna breytingar yfir landamæri, eins og kveðið er á um í f-lið 86. gr. d, megi, innan þriggja mánaða frá birtingu upplýsinga um áætlun vegna breytingar yfir landamæri sem um getur í 86. gr. g, farið þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálafirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna breytinga yfir landamæri og að fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá féluginu.

Aðildarríkin skulu tryggja að verndarráðstafanir séu með skilyrðum um að breyting yfir landamæri taki gildi í samræmi við 86. gr. q.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins leggi fram yfirlýsingu sem endurspeglar nákvæmlega fjárhagslega stöðu félagsins á einhverjum degi innan síðasta mánaðar fyrir birtingu yfirlýsingarinnar. Í yfirlýsingunni skal koma fram að á grundvelli upplýsinga, sem eru tiltækar stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins á yfirlýsingardeginum, og eftir að hafa lagt fram réttmætar fyrirsurnir, sé viðkomandi stjórn eða framkvæmdastjórn ekki kunnugt um neina ástæðu fyrir því að félagið myndi ekki, eftir gildistöku breytingarinnar, geta greitt skuldir sínar þegar þær falla í gjalddaga. Birta skal yfirlýsinguna ásamt áætlun vegna breytingar yfir landamæri í samræmi við 86. gr. g.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á beitingu laga brottfararaðildarríkisins að því er varðar það hvort fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lánardrottnar sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu upplýsinga um áætlun vegna breytingar yfir landamæri geti einnig höfðað dómsmál gegn féluginu í brottfararaðildarríkinu innan tveggja ára frá gildistöku breytingarinnar, án þess að hafa áhrif á reglur um varnarþing sem leiðir af lögum Sambandsins eða innlendum lögum eða af samningsskuldbindingum. Möguleikinn á því að höfða slíkt dómsmál skal vera til viðbótar öðrum reglum um val á varnarþingi sem gilda samkvæmt lögum Sambandsins.

86. gr. k

Upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn

1. Aðildarríkin skulu tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur í tengslum við breytingu yfir landamæri og beitt í samræmi við þann lagaramma sem kveðið er á um í tilskipun 2002/14/EB og, eftir atvikum, að því er varðar fyrirtæki sem starfa á Bandalagsvísu eða hópa fyrirtækja er starfa á Bandalagsvísu, í samræmi við tilskipun 2009/38/EB. Aðildarríkin geta ákveðið að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs eigi við um aðra starfsmenn félaga en þá sem um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/14/EB.

2. Þrátt fyrir 7. mgr. 86. gr. e og b-lið 1. mgr. 86. gr. g skulu aðildarríki tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur, a.m.k. áður en tekin er ákvörðun um áætlun vegna breytingar yfir landamæri eða skýrsluna sem um getur í 86. gr. e, hvort heldur ber fyrir að, með þeim hætti að starfsmönnum sé veitt rökstutt svar fyrir hluthafafundinn sem um getur í 86. gr. h.

3. Með fyrirvara um gildandi ákvæði eða venjur sem eru hagstæðari starfsmönnum skulu aðildarríkin ákvarða með hvaða hætti starfsmenn geti nýtt sér réttinn til upplýsinga og samráðs í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2002/14/EB.

86. gr. I

Þátttaka starfsmanna

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal breytta félagið heyra undir gildandi reglur að því er varðar þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í viðtökuaðildarríkinu.
2. Hins vegar skulu gildandi reglur varðandi þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í viðtökuaðildarríkinu ekki gilda þegar félagið hefur meðalfjölda starfsmanna sem samsvarar fjórum fimmtu hlutum viðeigandi viðmiðunarmarka á næstliðnum sex mánuðum fyrir birtingu áætlunarinnar vegna breytingar yfir landamæri, eins og mælt er fyrir um í lögum brottfararaðildarríkisins, sem kallar á þátttöku starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB, eða ef lög viðtökuaðildarríkisins kveða ekki á um:
 - a) a.m.k. sama þátttökustig starfsmanna og gildi í félaginu fyrir breytingu yfir landamæri, sem miðast við hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn eða nefndum þeirra eða í framkvæmdastjórn afkomustöðva félagsins, sem þátttaka starfsmanna tekur til, eða
 - b) sama rétt starfsmanna á starfsstöðvum breytta félagsins sem eru staðsettar í öðrum aðildarríkjum til að nýta þátttökuréttinn og þeirra starfsmanna sem starfa í viðtökuaðildarríkinu.
3. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal þátttaka starfsmanna í breytta félaginu og aðild þeirra að skilgreiningum á slíkum réttindum vera reglufest af aðildarríkjunum, að breyttu breytanda og með fyrirvara um 4.-7. mgr. þessarar greinar, í samræmi við meginreglur og málsmæðferðarreglur sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 og eftirfarandi ákvæðum tilskipunar 2001/86/EB:
 - a) 1. mgr., i. lið a-liðar og b-lið 2. mgr., 3. mgr., fyrstu tveimur málslíðum 4. mgr. og 5. og 7. mgr. 3. gr.,
 - b) 1. mgr., a-, g- og h-lið 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 4. gr.,
 - c) 5. gr.,
 - d) 6. gr.,
 - e) 1. mgr. 7. gr., að undanskildum öðrum undirlið b-liðar,
 - f) 8., 10., 11. og 12. gr. og
 - g) a-lið 3. hluta viðaukans.
4. Við setningu meginregla og málsmæðferða sem um getur í 3. mgr.:
 - a) skulu aðildarríkin veita sérstakri samninganefnd rétt til að ákveða, með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum hluthafa sem eru fulltrúar minnst tveggja þriðju hluta starfsmanna, að hefja ekki samningaviðræður eða slíta samningaviðræðum sem eru hafnar og treysta á reglur um þátttöku sem eru í gildi í viðtökuaðildarríkinu,
 - b) mega aðildarríkin ákveða, í tilvikum þar sem staðlaðar reglur um þátttöku gilda í kjölfar fyrri samningaviðræðna, og þrátt fyrir slíkar reglur, að takmarka hlutdeild fulltrúa starfsmanna í stjórn breytta félagsins. Ef hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn félagsins er a.m.k. einn þriðji má takmörkunin þó aldrei leiða til þess að hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn verði lægra en einn þriðji,
 - c) skulu aðildarríkin tryggja að reglur um þátttöku starfsmanna sem voru í gildi fyrir breytingu yfir landamæri gildi áfram fram að deginum þegar reglum sem síðar eru samþykktar er beitt eða, ef samþykktar reglur eru ekki fyrir hendi, fram að beitingu staðlaðra regla í samræmi við a-lið 3. hluta viðaukans við tilskipun 2001/86/EB.
5. Rýmkun þátttökuréttar til starfsmanna breytta félagsins sem starfa í öðrum aðildarríkjum, eins og um getur í b-lið 2. mgr., skal ekki fela í sér neinar skyldur fyrir aðildarríki sem kjósa að gera það til að taka tillit til þeirra starfsmanna við útreikninga á viðmiðunarmörkum fyrir stærð vinnuafls sem leiðir til þátttökuréttar samkvæmt innlendum lögum.
6. Ef breytta félagið á að falla undir kerfi fyrir þátttöku starfsmanna, í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr., skal því vera skylt að taka félagsform sem gerir kleift að nýta slík þátttökuréttindi.

7. Þegar breytta félagið fellur undir kerfi fyrir þátttöku starfsmanna er því skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn, komi síðar til breytinga, samruna eða skiptingar, hvort sem það er yfir landamæri eða innanlands, næstu fjögur ár eftir að breytingin yfir landamæri kom til framkvæmda með því að beita, að breyttu breytanda, reglunum sem mælt er fyrir um í 1.-6. mgr.

8. Félag skal tilkynna starfsmönnum eða fulltrúum þeirra um niðurstöðu samningaviðræðna varðandi þátttöku starfsmanna án ótilhlýðilegrar tafar.

86. gr. m

Vottorð fyrir breytingu

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað yfirvald eða yfirvöld sem eru til þess bær að athuga lögmæti breytingar yfir landamæri að því er varðar þá hluta málsmeðferðarinnar sem lúta lögum brottfararaðildarríkisins og til að gefa út vottorð fyrir breytingu til staðfestingar á að farið hafi verið að öllum viðeigandi skilyrðum og að allar málsmeðferðarreglur og öll formsatriði séu frágengin í brottfararaðildarríkinu („lögbæra yfirvaldið“).

Slíkur frágangur á málsmeðferðarreglum og formsatriðum getur falið í sér að fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila eða að farið sé að tilskildum ákvæðum sértækra krafna fyrir sérsvið, þ.m.t. tryggja skuldbindingar sem rekja má til yfirstandandi málsmeðferðar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi fylgi umsókn félagsins um vottorð fyrir breytingu:

- a) áætlunin vegna breytingar yfir landamæri,
 - b) skýrslan og álitid sem fylgir, ef eitthvert er, sem um getur í 86. gr. e sem og skýrslan sem um getur í 86. gr. f, séu þær tiltækar,
 - c) hvers kyns athugasemdir sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. 86. gr. g og
 - d) upplýsingar um samþykki hluthafafundarins sem um getur í 86. gr. h.
3. Aðildarríkin geta krafist þess að viðbótarupplýsingar fylgi umsókn félagsins um vottorð fyrir breytingu, s.s. einkum:
- a) fjöldi starfsmanna þegar áætlun vegna breytingar yfir landamæri er gerð,
 - b) tilvist dótturfélaga og landfræðileg staðsetning þeirra,
 - c) upplýsingar um að félagið hafi fullnægt skuldbindingum vegna opinberra aðila.

Að því er varðar þessa málsgrein geta lögbær yfirvöld óska eftir slíkum upplýsingum frá öðrum viðkomandi yfirvöldum hafi félagið ekki veitt þær.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að ljúka umsókninni, sem um getur í 2. og 3. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæra yfirvaldinu, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

5. Að því er varðar það að fara að tilskildum ákvæðum, sem varða þátttöku starfsmanna eins og mælt er fyrir um í 86. gr. I, skal lögbæra yfirvaldið í brottfararaðildarríkinu sannreyna að áætlun vegna breytingar yfir landamæri innihaldi upplýsingar um málsmeðferðina sem liggur að baki ákvörðun um viðeigandi fyrirkomulag og um mögulega valkosti varðandi slíkt fyrirkomulag.

6. Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka eftirfarandi sem hluta af þeirri athugun sem um getur í 1. mgr.:

- a) öll skjöl og upplýsingar sem lögð eru fram hjá lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 2. og 3. mgr.,
- b) ábendingar frá félaginu um að málsmeðferðin sem um getur í 3. og 4. mgr. 86. gr. I sé hafin, þar sem við á.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að athugun sem um getur í 1. mgr. fari fram innan þriggja mánaða frá viðtökudegi skjalanna og upplýsinganna sem varða samþykki hluthafafundar félagsins á breytingunni yfir landamæri. Athugunin skal leiða til einhvern af eftirfarandi niðurstöðum:

- a) þar sem ljóst er að breyting yfir landamæri uppfyllir öll viðeigandi ákvæði og að allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er lokið skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð fyrir breytingu,
- b) þar sem ljóst er að breyting yfir landamæri uppfyllir ekki öll viðeigandi ákvæði eða allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er ekki lokið skal lögbæra yfirvaldið ekki gefa út vottorð fyrir breytingu og upplýsa félagið um ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni; í því tilviki getur lögbæra yfirvaldið veitt félaginu tækifæri til að uppfylla viðeigandi skilyrði eða til að ljúka málsmeðferð og formsatriðum innan viðeigandi frests.

8. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið gefi ekki út vottorð fyrir breytingu þegar ákvarðað er í samræmi við landslög að breyting yfir landamæri hafi verið komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi.

9. Ef lögbæra yfirvaldið hefur, meðan á athugininni sem um getur í 1. mgr. stendur, alvarlegar efasemdir sem gefa til kynna að breytingu yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi, skal það taka tillit til viðkomandi staðreynda og málavaxta, s.s., þar sem við á og ekki aðskilið frá öðrum þáttum, leiðbeinandi þátta sem lögbæra yfirvaldið hefur orðið áskynja um við athuginina sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. með samráði við viðkomandi yfirvöld. Að því er þessa málsgrein varðar skal matið framkvæmt í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli málsmeðferðar sem fellur undir gildissvið landslaga.

10. Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar matið skv. 8. og 9. mgr., að taka tillit til viðbótarupplýsinga eða framkvæma viðbótarannsóknir er heimilt að framlengja þriggja mánaða tímabilið sem kveðið er á um í 7. mgr. um allt að þrjá mánuði.

11. Ef ekki er mögulegt að framkvæma matið innan þess frests, sem um getur í 7. og 10. mgr., vegna þess hversu flókin málsmeðferð yfir landamæri er skulu aðildarríki tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæður fyrir hvers kyns töfum áður en viðkomandi frestir renna út.

12. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið geti haft samráð við önnur viðeigandi yfirvöld sem hafa valdheimildir á ólíkum sviðum sem varða breytingar yfir landamæri, þ.m.t. í viðtökuaðildarríkinu, og aflað frá þessum yfirvöldum og frá félaginu upplýsinga og skjala sem nauðsynleg eru til að kanna lögmæti breytingar yfir landamæri, innan ramma málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í landslögum. Við matið getur lögbæra yfirvaldið nýtt sér þjónustu óháðs sérfræðings.

86. gr. n

Afhending vottorðs fyrir breytingu

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vottorði fyrir breytingu sé deilt með þeim yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. 86. gr. o í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að vottorð fyrir breytingu sé tiltækt í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðgangur að vottorði fyrir breytingu skal vera án endurgjalds fyrir yfirvöld sem um getur í 1. mgr. 86. gr. o og fyrir skrárnar.

86. gr. o

Athugun viðtökuaðildarríkisins á lögmæti breytinga yfir landamæri

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað lögbært yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti breytinga yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem fellur undir lög viðtökuaðildarríkisins og til að samþykkja breytingarnar yfir landamæri.

Það yfirvald skal einkum tryggja að breytta félagið uppfylli ákvæði landslaga um stofnun og skráningu félaga og, ef við á, að fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsmanna hafi verið ákvarðað í samræmi við 86. gr. I.

2. Að því er 1. mgr. þessarar greinar varðar skal félagið senda yfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áætlun vegna breytingar yfir landamæri sem er samþykkt á hluthafafundinum sem um getur í 86. gr. h.

3. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að félagið geti lokið öllum umsóknum, að því er varðar 1. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr., í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bálks.

4. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja breytingu yfir landamæri um leið og það hefur staðfest að öll viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt á tilhlýðilegan hátt og formsatriðum lokið með fullnægjandi hætti í viðtökuaðildarríkinu.

5. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja vottorð fyrir breytingu til endanlegrar staðfestingar á því að allri gildandi málsmeðferð og formsatriðum fyrir breytingu sé lokið, sem er forsenda fyrir því að breyting yfir landamæri sé samþykkt.

86. gr. p

Skráning

1. Lög brottfararaðildarríkisins og viðtökuaðildarríkisins skulu ákvarða, að því er varðar yfirráðasvæði hvors þeirra um sig, fyrirkomulagið, í samræmi við 16. gr., sem gildir um birtingu í skráum þeirra um að breytingu yfir landamæri sé lokið.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi upplýsingar séu færðar inn í skrár þeirra:
 - a) í skrá viðtökuaðildarríkisins, að skráning breytta félagsins sé til komin vegna breytingar yfir landamæri,
 - b) í skrá viðtökuaðildarríkisins, skráningardagur breytta félagsins,
 - c) í skrá brottfararaðildarríkisins, að afskráning félagsins eða fjarlæging af skrá sé til komin vegna breytingar yfir landamæri,
 - d) í skrá brottfararaðildarríkisins, dagsetning afskráningar félagsins eða fjarlægingar þess af skrá,
 - e) í skráum brottfararaðildarríkisins og viðtökuaðildarríkisins, eftir því sem við á, skráningarnúmer, heiti og félagsform félagsins og skráningarnúmer, heiti og félagsform breytta félagsins.

Skrárnar skulu gera upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein öllum aðgengilegar í gegnum samtengingarkerfi skráa.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að skráin í viðtökuaðildarríkinu tilkynni skránni í brottfararaðildarríkinu, í gegnum samtengingarkerfi skráa, að breyting yfir landamæri hafi tekið gildi. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að félagið sé afskráð eða fjarlægt af skrá tafarlaust eftir viðtöku þeirrar tilkynningar.

86. gr. q

Gildistökudagur breytingar yfir landamæri

Lög viðtökuaðildarríkisins skulu ákvarða á hvaða degi breyting yfir landamæri tekur gildi. Sá dagur skal vera eftir að athugunin, sem um getur í 86. gr. m, hefur farið fram.

86. gr. r

Afleiðingar breytingar yfir landamæri

Breyting yfir landamæri skal, frá þeim degi sem um getur í 86. gr. q, hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) allar eignir og skuldir félagsins, þ.m.t. allir samningar, inneignir, réttindi og skyldur skulu vera breytta félagsins,
- b) hluthafar félagsins skulu áfram vera hluthafar breytta félagsins nema þeir hafi selt hlutabréf sín eins og um getur í 1. mgr. 86. gr. i,
- c) réttindi og skyldur félagsins, sem af ráðningasamningum eða ráðningasamböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er breyting yfir landamæri tekur gildi, skulu vera breytta félagsins.

86. gr. s

Óháðir sérfræðingar

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um einkaréttarábyrgð óháða sérfræðingsins sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar sem um getur í 86. gr. f.
2. Aðildarríkin skulu hafa til staðar reglur sem tryggja að:
 - a) sérfræðingurinn eða lögaðilinn sem sérfræðingurinn starfar fyrir sé óháður félaginu og að ekki sé um að ræða hagsmunaárekstur milli hans og félagsins sem sækir um vottorð fyrir breytingu og
 - b) álit sérfræðingsins sé óhlutdrægt og hlutlægt og gefið í því skyni að veita lögbæra yfirvaldinu aðstoð í samræmi við kröfur um sjálfstæði og óhlutdrægni samkvæmt þeim lögum og faglegu reglum sem gilda um sérfræðinginn.

86. gr. t

Gildistími

Ekki er heimilt að lýsa ógilda breytingu yfir landamæri sem tekið hefur gildi í samræmi við málsmeðferðarreglur sem lögleiða þessa tilskipun.

Fyrsta málsgreinin hefur ekki áhrif á heimildir aðildarríkjanna, m.a. í tengslum við refsirétt, forvarnir og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka, félagsmálarétt, skattlagningu og löggæslu, til að beita ráðstöfunum og viðurlögum samkvæmt landslögum, eftir gildistökudag breytingar yfir landamæri.“

6) Ákvæðum 2. liðar 119. gr. er breytt sem hér segir:

a) „eða“ bætist við í lok c-liðar.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„d) eitt eða fleiri félög yfirfæra, við félagsslit án skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til annars félags, yfirtökufélagsins, án þess að yfirtökufélagið gefi út ný hlutabréf, að því tilskildu að einn aðili eigi beint eða óbeint öll hlutabréfin í samrunafélögunum eða að verðbréf og hlutabréf hluthafa samrunafélaganna séu í sömu hlutföllum í öllum samrunafélögunum.“

7) Ákvæðum 120. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að þessi kafli gildi ekki um félög í einhverjum af eftirtöldum aðstæðum:

a) félag sem er í skiptameðferð og hefur hafið úthlutun eigna til hluthafa sinna,

b) félagið fellur undir skilameðferðarúræði, heimildir og fyrirkomulag sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 2014/59/ESB.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessum kafla ekki gagnvart félögum sem:

a) eru í ógjaldfærimeðferð eða falla undir fyrirbyggjandi endurskipulagningarramma,

b) eru í skiptameðferð annarri en þeirri sem um getur í a-lið 4. mgr. eða

c) falla undir fyrirbyggjandi aðgerðir eins og þær eru skilgreindar í 101. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.“

8) Ákvæðum 121. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. falli a-liður brott.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði og formsatriði, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu einkum taka til ákvörðunartökuferlis varðandi samrunann og til verndar starfsmanna að því er varðar önnur réttindi en þau sem falla undir 133. gr.“

9) Ákvæðum 122. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) að því er hvert samrunafélag varðar, félagsform þess og heiti og staðsetning skráðrar skrifstofu þess, fyrirhugað félagsform og heiti sem verður til við samruna yfir landamæri og fyrirhuguð staðsetning skráðrar skrifstofu þess,

b) skiptihlutfall verðbréfa eða hlutabréfa, sem nemur hlutafé félagsins, ásamt greiðslufjárhæð í peningum, eftir því sem við á“,

b) Í stað h- og i-liðar kemur eftirfarandi:

„h) hvers kyns sérstök hlunnindi sem veitt eru aðilum í stjórnnum, framkvæmdastjórnnum eða eftirlitsstjórnnum samrunafélaganna,

i) stofnsamningur félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri, eftir atvikum, og samþykktir þess ef þær eru í sérstökum gæringi“,

c) Eftirfarandi liðir bætast við:

„m) upplýsingar um tilboð um bætur í peningum fyrir hluthafa í samræmi við 126. gr. a,

n) hvers kyns verndarráðstafanir sem bjóðast lánardrottnum, eins og ábyrgðir og veðsetningar,“.

10) Í stað 123. og 124. gr. kemur eftirfarandi:

„123. gr.

Upplýsingagjöf

1. Aðildarríkin skulu tryggja að félagið birti eftirfarandi skjöl og geri þau aðgengileg öllum í skrá aðildarríkis hvers samrunafélags, a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 126. gr:

a) sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri og

b) tilkynningu sem upplýsir hluthafa, lánardrottna og fulltrúa starfsmanna samrunafélagsins eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa um að þeir geti lagt fyrir hlutaðeigandi félag, eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir dagsetningu hluthafafundarins, athugasemdir varðandi sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri.

Aðildarríkin geta krafist þess að skýrsla óháða sérfræðingsins sé birt og gerð aðgengileg öllum í skránni.

Aðildarríkin skulu tryggja að félagið geti undanskilið trúnaðarupplýsingar upplýsingagjöf óháða sérfræðingsins.

Gögnin sem birt eru í samræmi við þessa málsgrein skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðildarríkin geta undanþegið félög kröfunni um upplýsingagjöf sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef þessi félög gera gögn, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengileg almenningi án endurgjalds á vefsetrum sínum á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafund sem um getur í 126. gr. og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur.

Aðildarríkin skulu þó ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjalanna og sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

3. Ef samrunafélög gera sameiginlega áætlun vegna samruna yfir landamæri aðgengilega, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, skulu þau leggja fram hjá viðkomandi skrá sinni, a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 126. gr., eftirfarandi upplýsingar:

a) að því er hvert samrunafélag varðar, félagsform þess og heiti og staðsetning skráðrar skrifstofu þess, fyrirhugað félagsform og heiti fyrir hvert nýstofnað félag og fyrirhuguð staðsetning skráðrar skrifstofu þess,

b) skrána þangað sem skjölin, sem um getur í 14. gr., eru send fyrir hvert samrunafélaganna og skráningarnúmer viðkomandi félags í þeirri skrá,

c) upplýsingar, að því er hvert samrunafélag varðar, um fyrirkomulag sem gengið er frá til að lánardrottnar, starfsmenn og hluthafar geti nýtt sér réttindi sín og

d) upplýsingar um vefsetrið þar sem nálgast má sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri, tilkynninguna sem um getur í 1. mgr., skýrslu óháða sérfræðingsins og fullnægjandi upplýsingar um fyrirkomulagið sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar á netinu, án endurgjalds.

Skrá aðildarríkis hvers samrunafélags skal gera upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar aðgengilegar öllum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að uppfylla kröfurnar, sem um getur í 1. og 3. mgr., að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbærri yfirvaldi í aðildarríkjum samrunafélaganna, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

5. Ef hluthafafundur yfirtökufélagsins þarf ekki að samþykkja samrunann í samræmi við 3. mgr. 126. gr. skal veita þær upplýsingar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundar hins samrunafélagsins eða hinna samrunafélaganna.

6. Til viðbótar við birtingu upplýsinganna sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar geta aðildarríkin krafist þess að sameiginlega áætlunin vegna samruna yfir landamæri eða upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, séu birtar í lögbirtingarblaði þeirra eða á miðlægum, rafrænum vettvangi, í samræmi við 3. mgr. 16. gr. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að skráin sendi viðeigandi upplýsingar til lögbirtingarblaðsins eða til miðlægs, rafræns vettvangs.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingaskjölin sem um getur í 1. mgr. eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu aðgengilegar almenningi, án endurgjalds, í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að öll gjöld sem félagið greiðir skránum fyrir birtingu upplýsinganna, sem um getur í 1. og 3. mgr. og, eftir atvikum, fyrir birtinguna, sem um getur í 6. mgr., séu ekki hærri en sem nemur kostnaði við að veita slíka þjónustu.

124. gr.

Skýrsla stjórnar eða framkvæmdastjórnar fyrir hluthafa og starfsmenn

1. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunafélags skal taka saman skýrslu fyrir hluthafa og starfsmenn sem útskýrir og rökstyður lagalega og efnahagslega þætti fyrirhugaðs samruna yfir landamæri og áhrif fyrirhugaðs samruna yfir landamæri á starfsmenn.

Einkum ætti í skýrslunni að útskýra áhrif samruna yfir landamæri á framtíðarstarfsemi félagsins.

2. Skýrslan skal einnig innihalda hluta fyrir hluthafa og hluta fyrir starfsmenn.

Félagið getur ákveðið að semja eina skýrslu með þessum tveimur hlutum eða semja mismunandi skýrslur fyrir hluthafa og starfsmenn, sem innihalda viðeigandi hluta.

3. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir hluthafa skal einkum skýra eftirfarandi:

- a) bætur í peningum og aðferðina sem notuð er til að ákvarða bætur í peningum,
- b) skiptihlutfall hlutabréfa og aðferðina eða aðferðirnar sem eru notaðar til að ná fram skiptihlutfalli hlutabréfa, eftir atvikum,
- c) áhrif af samruna yfir landamæri á hluthafa,
- d) réttindi og úrræði sem standa hluthöfum til boða í samræmi við 126. gr. a.

4. Þess hluta skýrslunnar sem er fyrir hluthafa er ekki krafist ef allir hluthafar félagsins hafa samþykkt að fella niður þá kröfu. Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila ákvæðum þessarar greinar.

5. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn skal einkum skýra eftirfarandi:

- a) áhrif samruna yfir landamæri á ráðningarsambönd og, eftir atvikum, hvers kyns ráðstafanir til að vernda þau sambönd,
- b) hvers kyns verulegar breytingar á gildandi ráðningarskilmálum eða á staðsetningu starfsstöðva félagsins,
- c) hvernig þættirnir sem settir eru fram í a- og b-lið hafa áhrif á dótturfélög félagsins.

6. Skýrslan eða skýrslurnar skulu ávallt hafðar tiltækar á rafrænu formi, ásamt sameiginlegri áætlun vegna samruna yfir landamæri, ef hún er fyrir hendi, fyrir hluthafana og fulltrúa starfsmanna eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa, eigi síðar en sex vikum fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 126. gr.

Ef hluthafafundur yfirtökufélagsins þarf hins vegar ekki að samþykkja samrunann í samræmi við 3. mgr. 126. gr. skal skýrslan gerð aðgengileg a.m.k. sex vikum fyrir dagsetningu hluthafafundar hins samrunafélagsins eða samrunafélaganna.

7. Ef stjórn eða framkvæmdastjórn samrunafélagsins fær, tímanlega, álit um upplýsingarnar sem um getur í 1. og 5. mgr. frá fulltrúum starfsmanna eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki til staðar, frá starfsmönnum sjálfum, eins og kveðið er á um í innlendum lögum, skal upplýsa hluthafana um það og bæta því áliti við skýrsluna.

8. Ekki skal krefjast þess hluta skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn ef samrunafélag og dótturfélög þess, ef um þau er að ræða, hafa enga starfsmenn aðra en þá sem eru hluti af stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins.

9. Ef þess hluta skýrslunnar, sem er fyrir hluthafa sem um getur í 3. mgr., er ekki krafist í samræmi við 4. mgr. og hlutans, sem er fyrir starfsmenn sem um getur í 5. mgr., er ekki krafist skv. 8. mgr. er skýrslunnar ekki krafist.

10. Ákvæði 1.-9. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á viðeigandi réttindi til upplýsinga og samráðs og málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um á landsvísi eftir lögleiðingu tilskipana 2002/14/EB og 2009/38/EB.“

11) Ákvæðum 125. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Ef hluthafafundur yfirtökufélagsins þarf hins vegar ekki að samþykkja samrunann í samræmi við 3. mgr. 126. gr. skal skýrslan gerð aðgengileg a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundar hins samrunafélagsins eða samrunafélaganna.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal ætíð fela í sér álit sérfræðings á því hvort bætur í peningum og skiptihlutfall hlutabréfa séu fullnægjandi. Við mat á bótum í peningum skal sérfræðingurinn taka tillit til markaðsverðs hlutabréfa í samrunafélögunum fyrir tilkynningu um tillögu að samruna eða til virðis félaganna, að undanskildum áhrifum af fyrirhuguðum samruna, eins og það er ákvarðað í samræmi við almennt viðurkenndar virðismatsaðferðir. Í skýrslunni skal a.m.k.:

a) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að ákvarða bætur í peningum sem lagðar eru til,

b) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að finna skiptihlutfall hlutabréfa sem lagt er til,

c) tilgreina hvort aðferðin eða aðferðirnar sem notaðar eru séu fullnægjandi vegna mats á bótum í peningum og skiptihlutfalls hlutabréfa, gefa til kynna virðið sem fundið er með því að nota slíkar aðferðir og veita álit á hlutfallslegu mikilvægi sem rakið er til þessara aðferða við að finna virði sem ákvarðað er og tilgreina einnig, ef mismunandi aðferðir eru notaðar í samrunafélögunum, hvort notkun á mismunandi aðferðum var réttlætanleg og

d) lýsa hvers kyns sérstökum erfiðleikum við virðismat sem komið hafa upp.

Sérfræðingurinn skal hafa heimild til að fá frá samrunafélögunum allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sérfræðingurinn geti rækt skyldur sínar.“

c) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr.:

„Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila frá beitingu þessarar greinar.“

12) Ákvæðum 126. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Með hliðsjón af skýrslunum sem um getur í 124. og 125. gr., eftir atvikum, álitum starfsmanna sem lögð eru fram í samræmi við 124. gr. og athugasemdum sem lagðar eru fram í samræmi við 123. gr. skal hluthafafundur hvers samrunafélags taka ákvörðun, með ályktun, um hvort samþykkja beri sameiginlega áætlun vegna samruna yfir landamæri og hvort aðlaga beri stofnanasamninginn og stofnanasamþykktirnar ef þær er að finna í sérstöku skjali.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Aðildarríkin skulu tryggja að ekki sé hægt að véfengja samþykki hluthafafundar á samruna yfir landamæri eingöngu af eftirfarandi ástæðum:

a) að skiptihlutfall hlutabréfa sem um getur í b-lið 122. gr. hafi verið ákvarðað með ófullnægjandi hætti,

b) að bætur í peningum sem um getur í m-lið 122. gr. hafi verið ákvarðaðar með ófullnægjandi hætti eða

c) að upplýsingarnar sem veittar voru varðandi skiptihlutfall hlutabréfa sem um getur í a-lið eða bætur í peningum sem um getur í b-lið hafi ekki verið í samræmi við lagaskilyrði.“

13) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„126. gr. a

Vernd hluthafa

1. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. þeir hluthafar í samrunafélögunum, sem greiddu atkvæði gegn samþykkt sameiginlegu áætlunarinnar vegna samruna yfir landamæri, hafi rétt til að ráðstafa hlutabréfum sínum gegn fullnægjandi bótum í peningum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2.- 6. mgr., að því tilskildu að vegna samrunans myndu þeir við samrunann eignast hluti í félaginu sem um gilda lög annars aðildarríkis en aðildarríkis viðkomandi samrunafélags þeirra.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að aðrir hluthafar í samrunafélögunum hafi þann rétt sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

Aðildarríkin geta krafist þess að eindregin andstaða við sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri, fyrirætlan hluthafa um að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum eða hvort tveggja, sé skráð með viðeigandi hætti, a.m.k. á hluthafafundinum sem um getur í 126. gr. Aðildarríkin geta heimilað að skráning á andstöðu við sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri teljist tilhlýðileg skráning á móttatkvæði.

2. Aðildarríkin skulu ákveða frest sem hluthöfum sem um getur í 1. mgr. er veittur til að tilkynna hlutaðeigandi samrunafélagi um ákvörðun sína um að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum. Sá frestur skal ekki vera lengri en einn mánuður eftir hluthafafundinn sem um getur í 126. gr. Aðildarríkin skulu tryggja að samrunafélögin láti netfang í té fyrir rafræna móttöku þeirrar yfirlýsingar.

3. Aðildarríkin skulu enn fremur ákveða frest til að greiða þær bætur í peningum sem tilgreindar eru í sameiginlegu áætluninni vegna samruna yfir landamæri. Sá frestur skal ekki vera lengri en tveir mánuðir eftir að samruninn yfir landamæri tekur gildi í samræmi við 129. gr.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafar sem lýst hafa yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum en telja að þær bætur í peningum sem viðkomandi samrunafélag býður hafi ekki verið ákvarðaðar með fullnægjandi hætti, eigi rétt á að krefjast viðbótarbóta í peningum hjá lögbæru yfirvaldi eða stofnun sem er veitt umboð samkvæmt landslögum. Aðildarríkin skulu setja tímamörk að því er varðar kröfu um viðbótarbætur í peningum.

Aðildarríkin geta kveðið á um að endanleg ákvörðun um að veita viðbótarbætur í peningum gildi gagnvart öllum hluthöfum í viðkomandi samrunafélagi sem lýst hafa yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum í samræmi við 2. mgr.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að lög aðildarríkis, sem samrunafélag heyrir undir, gildi um réttindin sem um getur í 1.-4. mgr. og að einkavaldheimildir til að leysa ágreining að því er þessi réttindi varðar liggi innan lögsögu þess aðildarríkis.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafar í samrunafélögum, sem áttu ekki rétt á eða nýttu sér ekki rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum en telja það skiptihlutfall hlutabréfa sem sett er fram í sameiginlegu áætluninni vegna samruna yfir landamæri ófullnægjandi, geti mótmælt því hlutfalli og krafist greiðslu í peningum. Hefja skal slíka málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi eða stofnun, sem veitt er umboð samkvæmt lögum aðildarríkisins sem viðkomandi samrunafélag heyrir undir, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í þeim landslögum og slík málsmeðferð skal ekki koma í veg fyrir skráningu samruna yfir landamæri. Ákvörðunin skal vera bindandi fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamæri.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að skiptihlutfall hlutabréfa samkvæmt þeirri ákvörðun eigi við um hluthafa í viðkomandi samrunafélagi sem áttu ekki rétt á eða nýttu sér ekki rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum.

7. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að félagið sem verður til við samruna yfir landamærin geti látið í té hlutabréf eða aðrar bætur í stað greiðslu í peningum.

126. gr. b

Vernd lánardrottna

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi kerfi til verndar hagsmunum lánardrottna sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu upplýsinga um sameiginlega áætlun vegna samruna yfir landamæri sem féllu ekki í gjalddaga við birtinguna.

Aðildarríkin skulu tryggja að lánardrottinnar sem eru ósáttir við verndarráðstafanir sem boðnar eru í sameiginlegu áætluninni vegna samruna yfir landamæri, eins og kveðið er á um í n-lið 122. gr., megi fara þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvald, innan þriggja mánaða frá birtingu sameiginlegu áætlunarinnar vegna samruna yfir landamæri sem um getur í 123. gr., að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna samrunans yfir landamæri og að fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá samrunafélögunum.

Aðildarríkin skulu tryggja að verndarráðstafanir séu háðar því skilyrði að samruni yfir landamæri taki gildi í samræmi við 129. gr.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunafélags leggi fram yfirlýsingu sem endurspeglar nákvæmlega fjárhagslega stöðu félagsins á einhverjum degi innan síðasta mánaðar fyrir birtingu yfirlýsingarinnar. Í yfirlýsingunni skal koma fram að á grundvelli upplýsinga, sem eru tiltækar stjórn eða framkvæmdastjórn samrunafélaganna á yfirlýsingardeginum, og eftir að hafa lagt fram réttmætar fyrirspurnir, sé stjórn eða framkvæmdastjórn ekki kunnugt um neina ástæðu fyrir því að félagið sem verður til við samrunann myndi ekki geta greitt skuldir sínar þegar þær falla í gjalddaga. Birta skal yfirlýsinguna ásamt sameiginlegu áætluninni vegna samruna yfir landamæri, í samræmi við 123. gr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á beitingu laga aðildarríkja samrunafélaganna að því er varðar það hvort fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila.

126. gr. c

Upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn

1. Aðildarríkin skulu tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur í tengslum við samruna yfir landamæri og beitt í samræmi við þann lagaramma sem kveðið er á um í tilskipun 2002/14/EB og tilskipun 2001/23/EB þar sem samruni yfir landamæri telst vera flutningur fyrirtækis í skilningi tilskipunar 2001/23/EB og, eftir við á fyrir fyrirtæki sem starfa á Bandalagsvísu eða hópa fyrirtækja er starfa á Bandalagsvísu, í samræmi við tilskipun 2009/38/EB. Aðildarríkin geta ákveðið að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs eigi við um aðra starfsmenn félaga en þá sem um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/14/EB.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 123. gr. og 7. mgr. 124. gr. skulu aðildarríki tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur, a.m.k. áður en tekin er ákvörðun um sameiginlega áætlun vegna samruna yfir landamæri eða skýrsluna sem um getur í 124. gr., hvort heldur ber fyrir að, með þeim hætti að starfsmönnum sé veitt rökstutt svar fyrir hluthafafundinn sem um getur í 126. gr.

3. Með fyrirvara um gildandi ákvæði eða venjur sem eru hagstæðari starfsmönnum skulu aðildarríkin ákvarða með hvaða hætti starfsmenn geti nýtt sér rétt sinn til upplýsinga og samráðs í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2002/14/EB.“

14) Í stað 127. gr. kemur eftirfarandi:

„127. gr.

Vottorð fyrir samruna

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað yfirvald eða yfirvöld sem eru til þess bær að athuga lögmæti samruna yfir landamæri að því er varðar þá hluta málsmeðferðarinnar sem lúta lögum aðildarríkis samrunafélagsins og til að gefa út vottorð fyrir samruna til staðfestingar á því að farið hafi verið að öllum viðeigandi skilyrðum og að allar málsmeðferðarreglur og öll formsatriði séu frágengin í aðildarríki samrunafélagsins („lögbæra yfirvaldið“).

Slíkur frágangur á málsmeðferðarreglum og formsatriðum getur falið í sér að fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila eða að farið sé að tilskildum ákvæðum sértækra krafna fyrir sérsvið, þ.m.t. tryggja skuldbindingar sem rekja má til yfirstandandi málsmeðferðar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi fylgi umsókn samrunafélagsins um vottorð fyrir samruna:

- a) sameiginlega áætlunin vegna samruna yfir landamæri,
- b) skýrslan og álitid sem fylgir, ef eitthvert er, sem um getur í 124. gr. sem og skýrslan sem um getur í 125. gr., séu þau tiltæk,
- c) athugasemdir sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. 123. gr. og
- d) upplýsingar um samþykki hluthafafundarins sem um getur í 126. gr.

3. Aðildarríkin geta krafist þess að viðbótarupplýsingar fylgi umsókn samrunafélagsins um vottorð fyrir samruna, s.s. einkum:

- a) fjöldi starfsmanna á þeim tíma þegar sameiginlega áætlunin vegna samruna yfir landamæri er gerð,
- b) tilvist dótturfélaga og landfræðileg staðsetning þeirra,
- c) upplýsingar um að samrunafélagið hafi fullnægt skuldbindingum vegna opinberra aðila.

Að því er þessa málsgrein varðar geta lögbær yfirvöld óskað eftir slíkum upplýsingum frá öðrum viðkomandi yfirvöldum hafi samrunafélagið ekki veitt þær.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að ljúka umsókninni, sem um getur í 2. og 3. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæra yfirvaldinu, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

5. Að því er varðar það að fara að tilskildum ákvæðum, sem varða þátttöku starfsmanna eins og mælt er fyrir um í 133. gr., skal lögbæra yfirvaldið í aðildarríki samrunafélagsins sannreyna að sameiginlega áætlunin vegna samruna yfir landamæri innihaldi upplýsingar um málsmeðferðina sem liggur að baki ákvörðun um viðeigandi fyrirkomulag og um mögulega valkosti varðandi slíkt fyrirkomulag.

6. Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka eftirfarandi sem hluta af þeirri athugun sem um getur í 1. mgr.:

- a) öll skjöl og upplýsingar sem lögð eru fram hjá lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 2. og 3. mgr.,
- b) ábendingar frá samrunafélaginu um að málsmeðferðin sem um getur í 3. og 4. mgr. 133. gr. sé hafin, þar sem við á.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að athuginin sem um getur í 1. mgr. fari fram innan þriggja mánaða frá viðtökudegi skjalanna og upplýsinganna sem varða samþykki hluthafafundar samrunafélagsins á samruna yfir landamæri. Athuginin skal leiða til einhverrar af eftirfarandi niðurstöðum:

- a) þar sem ljóst er að samruni yfir landamæri uppfyllir öll viðeigandi ákvæði og að allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er lokið skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð fyrir samruna,
- b) þar sem ljóst er að samruni yfir landamæri uppfyllir ekki öll viðeigandi ákvæði eða allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er ekki lokið skal lögbæra yfirvaldið ekki gefa út vottorð fyrir samruna og upplýsa félagið um ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni; í því tilviki getur lögbæra yfirvaldið veitt félaginu tækifæri til að uppfylla viðeigandi skilyrði eða til að ljúka málsmeðferð og formsatriðum innan viðeigandi frests.

8. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið gefi ekki út vottorð fyrir samruna þar sem ákvarðað er í samræmi við landslög að samruna yfir landamæri hafi verið komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi.

9. Ef lögbæra yfirvaldið hefur, meðan á athugininni sem um getur í 1. mgr. stendur, alvarlegar áhyggjur sem gefa til kynna að samruna yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi, skal það taka tillit til viðkomandi staðreynda og málavaxta, s.s., þar sem við á og ekki aðskilið frá öðrum þáttum, leiðbeinandi þátta sem lögbæra yfirvaldið hefur orðið áskynja um við athuginina sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. með samráði við viðkomandi yfirvöld. Að því er þessa málsgrein varðar skal matið framkvæmt í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli málsmeðferðar sem fellur undir gildissvið landslaga.

10. Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar matið skv. 8. og 9. mgr., að taka tillit til viðbótarupplýsinga eða framkvæma viðbótarannsóknir er heimilt að framlengja þriggja mánaða tímabilið sem kveðið er á um í 7. mgr. um allt að þrjá mánuði.
11. Ef ekki er mögulegt að framkvæma matið innan þess frests, sem um getur í 7. og 10. mgr., vegna þess hversu flókin málsmeðferð yfir landamæri er skulu aðildarríki tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæður fyrir hvers kyns töfum áður en viðkomandi frestir renna út.
12. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið geti haft samráð við önnur viðkomandi yfirvöld sem hafa valdheimildir á ólíkum sviðum sem varða samruna yfir landamæri, þ.m.t. í aðildarríki félagsins sem verður til við samrunann, og aflað frá þessum yfirvöldum og frá samrunafélaginu upplýsinga og skjala sem nauðsynleg eru til að athuga lögmæti samrunans yfir landamæri, innan ramma málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í landslögum. Við matið getur lögbæra yfirvaldið nýtt sér þjónustu óháðs sérfræðings.“
- 15) Eftirfarandi grein bætist við:
- „127. gr. a
- Afhending á vottorði fyrir samruna**
1. Aðildarríkin skulu tryggja að vottorði fyrir samruna sé deilt með þeim yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. 126. gr. í gegnum samtengingarkerfi skráa.
- Aðildarríkin skulu einnig tryggja að vottorð fyrir samruna sé tiltækt í gegnum samtengingarkerfi skráa.
2. Aðgangur að vottorði fyrir samruna skal vera án endurgjalds fyrir yfirvöld sem um getur í 1. mgr. 128. gr. og fyrir skrárnar.“
- 16) Ákvæðum 128. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er 1. mgr. þessarar greinar varðar skal hvert samrunafélag senda yfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri sem hefur verið samþykkt á hluthafafundinum sem um getur í 126. gr. eða, ef samþykkis hluthafafundar er ekki krafist í samræmi við 3. mgr. 132. gr., sameiginlegu áætlunina vegna samruna yfir landamæri sem sérhvert samrunafélag hefur samþykkt í samræmi við landslög.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að öll samrunafélögin geti lokið umsóknum er varða 1. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr., í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

4. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja samruna yfir landamæri um leið og það hefur staðfest að öll viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

5. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja vottorð fyrir samruna til endanlegrar staðfestingar á því að allri gildandi málsmeðferð og formsatriðum fyrir samruna sé lokið í viðkomandi aðildarríki þess, sem er forsenda fyrir því að samruni yfir landamæri sé samþykktur.“

17) Í stað 130. gr. kemur eftirfarandi:

„130. gr.

Skráning

1. Lög aðildarríkja samrunafélaganna og félagsins sem verður til við samrunann skulu ákvarða, að því er varðar yfirráðasvæði hvers þeirra um sig, fyrirkomulag, í samræmi við 16. gr., sem gildir um birtingu upplýsinga í skrá þeirra um að samruna yfir landamæri sé lokið.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi upplýsingar séu færðar inn í skrár þeirra:
- a) í skrá aðildarríkis félagsins sem verður til við samrunann, að skráning félagsins sem verður til við samrunann sé til komin vegna samruna yfir landamæri,

- b) í skrá aðildarríkis félagsins sem verður til við samrunann, skráningardagur félagsins sem verður til við samrunann,
- c) í skrá aðildarríkis hvers samrunafélags, að afskráning samrunafélagsins eða fjarlæging þess af skrá sé til komin vegna samruna yfir landamæri,
- d) í skrá aðildarríkis hvers samrunafélags, dagsetning afskráningar samrunafélagsins eða fjarlægingar þess af skrá,
- e) í skrám aðildarríkja hvers samrunafélags og aðildarríkis félagsins sem verður til við samrunann, eftir því sem við á, skráningarnúmer, heiti og félagsform hvers samrunafélags og félagsins sem verður til við samrunann.

Skrárnar skulu gera upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein öllum aðgengilegar í gegnum samtengingarkerfi skráa.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að skráin í aðildarríki félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri tilkynni skránni í aðildarríki hvers samrunafélags, í gegnum samtengingarkerfi skráa, að samruni yfir landamæri hafi tekið gildi. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að samrunafélagið sé afskráð eða fjarlægt af skránni tafarlaust eftir viðtöku þeirrar tilkynningar.“

18) Ákvæðum 131. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Samruni yfir landamæri, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í a-, c- og d-lið 2. liðar 119. gr., skal, frá þeim degi sem um getur í 129. gr., hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) allar eignir og skuldir félagsins, sem teknar eru yfir, þ.m.t. allir samningar, inneignir, réttindi og skyldur, skulu færðar til yfirtökufélagsins,
- b) hluthafar félagsins, sem tekið er yfir, skulu verða hluthafar í yfirtökufélaginu, nema þeir hafi ráðstafað hlutabréfum sínum eins og um getur í 1. mgr. 126. gr. a,
- c) félagið, sem tekið er yfir, hættir að vera til.“

b) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

- „a) allar eignir og skuldir samrunafélaganna, þ.m.t. allir samningar, inneignir, réttindi og skyldur skulu færast til nýja félagsins,
- b) hluthafar samrunafélaganna skulu verða hluthafar nýja félagsins, nema þeir hafi ráðstafað hlutabréfum sínum eins og um getur í 1. mgr. 126. gr. a.“

19) Ákvæðum 132. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilvikum þegar samruni yfir landamæri með yfirtöku er annaðhvort framkvæmdur af hálfu félags sem á öll hlutabréfin og önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum í félaginu eða félögunum, sem tekin eru yfir, eða af hálfu aðila sem á beint eða óbeint öll hlutabréfin í yfirtökufélaginu og í félaginu eða félögunum sem tekin eru yfir, og yfirtökufélagið úthlutar ekki hlutabréfum innan ramma samrunans:

- skulu 122. gr. (b-, c-, e- og m-liður), 125. gr. og 131. gr. (b-liður 1. mgr.) ekki gilda,
- skulu 124. gr. og 1. mgr. 126. gr. ekki gilda um félagið eða félögin sem tekin eru yfir.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3. Ef lög aðildarríkja allra samrunafélaganna kveða á um undanþágu frá samþykki hluthafafundar í samræmi við 3. mgr. 126. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skal sameiginlega áætlunin vegna samruna yfir landamæri eða upplýsingarnar, sem um getur í 1.-3. mgr. 123. gr., eftir því sem við á, og skýrslurnar, sem um getur í 124. og 125. gr., gerðar aðgengilegar a.m.k. einum mánuði áður en félagið tekur ákvörðun um samrunann í samræmi við landslög.“

20) Ákvæðum 133. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshluta 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Hins vegar skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu ekki gilda ef meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögunum samsvarar fjórum fimmtu hlutum viðeigandi viðmiðunarmarka á næstliðnum sex mánuðum fyrir

birtingu sameiginlegu áætlunarinnar vegna samruna yfir landamæri, eins og mælt er fyrir um í lögum aðildarríkis sem hefur lögsögu yfir samrunafélaginu, sem kallar á þátttöku starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB, eða ef innlend lög, sem gilda um félagið sem verður til við samruna yfir landamæri, kveða ekki á um:“.

b) Í stað a-liðar í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) skulu aðildarríki veita viðkomandi stofnunum samrunafélaganna, ef a.m.k. eitt samrunafélaganna sem starfar samkvæmt kerfi um þátttöku starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB, rétt til að velja, án þess að samningaviðræður hafi áður farið fram, að falla beint undir þær stöðluðu reglur um þátttöku sem um getur í b-lið 3. hluta viðaukans við þá tilskipun, eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, mun hafa skráða skrifstofu sína, og að hlíta þessum reglum frá skráningardegi,“.

c) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Þegar félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, starfar samkvæmt kerfi um þátttöku starfsmanna er því félagi skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn, komi til breytinga, samruna eða skiptingar, hvort heldur er yfir landamæri eða innanlands, næstu fjögur ár eftir að samruni yfir landamæri kom til framkvæmda með því að beita, að breyttu breytanda, reglunum sem mælt er fyrir um í 1.-6. mgr.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„8. Félag skal tilkynna starfsmönnum sínum eða fulltrúum þeirra hvort það hyggist beita stöðluðum reglum varðandi þátttöku sem um getur í h-lið 3. mgr. eða hvort það hefji samningaviðræður innan sérstöku samninganefndarinnar. Í síðara tilvikinu skal félagið tilkynna starfsmönnum sínum eða fulltrúum þeirra um niðurstöðu samningaviðræðnanna án ótilhlýðilegrar tafar.“

21) Eftirfarandi grein er bætt við:

„133. gr. a

Óháðir sérfræðingar

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um a.m.k. einkaréttarábyrgð óháða sérfræðingsins sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar sem um getur í 125. gr.

2. Aðildarríkin skulu hafa til staðar reglur sem tryggja að:

- a) sérfræðingurinn eða lögaðilinn sem sérfræðingurinn starfar fyrir sé óháður félaginu og að ekki sé um að ræða hagsmunaárekstur milli hans og félagsins sem sækir um vottorðið fyrir samruna og
- b) álit sérfræðingsins sé óhlutdrægt og hlutlægt og gefið í því skyni að veita lögbæra yfirvaldinu aðstoð í samræmi við kröfur um sjálfstæði og óhlutdrægni samkvæmt þeim lögum og faglegum reglum sem gilda um sérfræðinginn.“

22) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 134. gr.:

„Fyrsta málsgreinin hefur ekki áhrif á heimildir aðildarríkja m.a. í tengslum við refsirétt, forvarnir og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka, félagsmálarétt, skattlagningu og löggæslu, til að beita ráðstöfunum og viðurlögum samkvæmt landslögum, eftir gildistökudag samruna yfir landamæri.“

23) Eftirfarandi kafli bætist við II. bálk:

„IV. KAFLI

Skiptingar félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri

160. gr. a

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um skiptingar félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar í Sambandinu, að því tilskildu að a.m.k. tvö félaganna með takmarkaðri ábyrgð, sem koma að skiptingunni, heyri undir lög mismunandi aðildarríkja (hér á eftir nefnt „skipting yfir landamæri“).

2. Þrátt fyrir 4. lið 160. gr. b. skal þessi kafli einnig gilda um skiptingar yfir landamæri þar sem lög a.m.k. eins hlutaðeigandi aðildarríkis heimila greiðslu í peningum, sem um getur í a- og b-lið 4. liðar 160 gr. b, sem nemur meira en

10% af nafnvirðinu eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, 10% af bókfærðu virði verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutfé viðtökufélaganna.

3. Þessi kafli gildir ekki um skiptingar yfir landamæri sem ná til félags sem hefur að markmiði sameiginlega fjárfestingu eigin fjár sem almenningur leggur til, sem starfar í samræmi við meginregluna um áhættudreifingu og ef hlutdeildarskírteini þeirra eru, að ósk eiganda skírteinanna, endurkeypt eða innleyst, með beinum eða óbeinum hætti, af eignum félagsins. Aðgerðir sem slíkt félag grípur til í því skyni að tryggja að verð slíkra hlutdeildarskírteina í kauphöll víki ekki verulega frá innra virði þeirra skulu teljast jafngildar slíkum endurkaupum eða innlausn.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að þessi kafli gildi ekki um félög í einhverjum af eftirtöldum aðstæðum:

- a) félag sem er í skiptameðferð og hefur hafið úthlutun eigna til hluthafa sinna,
- b) félag sem fellur undir skilameðferðarráðði, heimildir og fyrirkomulag sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 2014/59/ESB.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessum kafla ekki gagnvart félögum sem:

- a) eru í ógjaldfærimeðferð eða falla undir fyrirbyggjandi endurskipulagningarramma,
- b) er í skiptameðferð annarri en þeirri sem um getur í a-lið 4. mgr. eða
- c) falla undir fyrirbyggjandi ráðstafanir eins og þær eru skilgreindar í 101. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

160. gr. b

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „félag“: félag með takmarkaðri ábyrgð af tegund sem skráð er í II. viðauka,
- 2) „félag sem er skipt“: félag sem yfirfærir, í ferlinu við skiptingu yfir landamæri, allar eignir sínar og skuldir til tveggja eða fleiri félaga ef um er að ræða skiptingu að fullu, eða yfirfærir hluta eigna sinna og skulda til eins eða fleiri félaga ef um er að ræða skiptingu að hluta til eða skiptingu með aðgreiningu,
- 3) „viðtökufélag“: félag sem er nýstofnað við skiptingu yfir landamæri,
- 4) „skipting“: framkvæmd þar sem:
 - a) félag sem er skipt yfirfærir, við félagsslit, án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, allar eignir sínar og skuldir til tveggja eða fleiri viðtökufélaga í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa í viðtökufélögunum til hluthafa í félaginu sem er skipt, og, ef við á, greiðslu í peningum, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirði eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, greiðslu í peningum sem nemur ekki meira en 10% af bókfærðu virði þessara verðbréfa eða hlutabréfa („skipting að fullu“),
 - b) félag sem er skipt yfirfærir hluta eigna sinna og skulda til eins eða fleiri viðtökufélaga í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa í viðtökufélögunum, í félaginu sem er skipt eða í bæði viðtökufélögunum og félaginu sem er skipt, til hluthafa í félaginu sem er skipt og, ef við á, greiðslu í peningum, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirði, eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, greiðslu í peningum sem nemur ekki meira en 10% af bókfærðu virði þessara verðbréfa eða hlutabréfa („skipting að hluta til“),
 - c) félag sem er skipt yfirfærir hluta eigna sinna og skulda til eins eða fleiri viðtökufélaga í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa í viðtökufélögunum til félagsins sem er skipt („skipting með aðgreiningu“).

160. gr. c

Málsmeðferðarreglur og formsatriði

Í samræmi við lög Sambandsins skulu lög aðildarríkis félagsins sem er skipt gilda um þá hluta málsmeðferðarregla og formsatriða sem fara þarf að í tengslum við skiptingu yfir landamæri í því skyni að fá vottorð fyrir skiptingu, og lög

aðildarríkja viðtökufélaganna skulu gilda um þá hluta málsmeðferðarregla og formsatriða sem fara þarf að eftir móttöku vottorðs fyrir skiptingu.

160. gr. d

Áætlun vegna skiptingar yfir landamæri

Stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins sem er skipt skal semja áætlun vegna skiptingar yfir landamæri. Í áætlun vegna skiptingar yfir landamæri skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) félagsform og heiti félagsins sem er skipt, staðsetning skráðrar skrifstofu þess og fyrirhugað félagsform og heiti nýja félagsins eða nýju félaganna sem verða til við skiptingu yfir landamæri og fyrirhuguð staðsetning skráðra skrifstofa þeirra,
- b) skiptihlutfall verðbréfa eða hlutabréfa, sem nemur hlutfé félagsins, ásamt greiðslu í peningum, eftir því sem við á,
- c) skilmálar varðandi úthlutun verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutfé viðtökufélaganna eða félagsins sem er skipt,
- d) fyrirhuguð leiðbeinandi tímaáætlun vegna skiptingar yfir landamæri,
- e) líklegar afleiðingar af skiptingu yfir landamæri á störf,
- f) frá hvaða degi réttur eigenda verðbréfa og hlutabréfa, sem nemur hlutfé félaganna, til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði sem hafa áhrif á þann rétt,
- g) frá hvaða degi eða dögum viðskipti félagsins sem er skipt fær bókhaldsmeðferð sem hluti af viðtökufélögunum,
- h) hvers kyns sérstök hlunnindi sem veitt eru aðilum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins sem er skipt,
- i) réttindi sem viðtökufélögin veita hluthöfum félagsins sem er skipt sem njóta sérstakra réttinda eða handhöfum verðbréfa annarra en hlutabréfa sem teljast til hlutfjár í skipta félaginu, eða ráðstafanir sem lagðar eru til að því er þá varðar,
- j) stofnanasamningar viðtökufélaganna, eftir atvikum, og stofnanasamþykktir ef þær er að finna í sérstöku skjali og hvers kyns breytingar á stofnanasamningi félagsins sem er skipt ef um er að ræða skiptingu að hluta til eða skiptingu með aðgreiningu,
- k) ef við á, upplýsingar um málsmeðferð þegar ákvarðað er fyrirkomulag, skv. 160. gr. l, um aðild starfsmanna að skilgreiningu á réttindum þeirra til þátttöku í viðtökufélögunum,
- l) nákvæm lýsing á eignum og skuldum félagsins sem er skipt og yfirlýsing um hvernig þessum eignum og skuldum skuli skipt milli viðtökufélaganna, eða haldið eftir af félaginu sem er skipt ef um er að ræða skiptingu að hluta til eða skiptingu með aðgreiningu, þ.m.t. ákvæði um meðferð eigna eða skulda sem ekki er beint úthlutað í áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, s.s. eignir eða skuldir sem ekki eru þekktar á þeim degi þegar áætlunin vegna skiptingar yfir landamæri er gerð,
- m) upplýsingar um mat á eignum og skuldum sem á að úthluta til hvers félags sem kemur að skiptingu yfir landamæri,
- n) dagsetning reikninga félagsins sem er skipt, sem voru notaðir til að ákvarða skilyrði fyrir skiptingunni yfir landamæri,
- o) úthlutun hlutabréfa og verðbréfa í viðtökufélögunum, félaginu sem er skipt eða í hvoru tveggja, eftir því sem við á, til hluthafa í félaginu sem er skipt og eftir hvaða reglum er farið við þá úthlutun,
- p) upplýsingar um tilboð um bætur í peningum til hluthafa í samræmi við 160. gr. i,
- q) hvers kyns verndarráðstafanir sem bjóðast lánardrottnum, eins og ábyrgðir og veðsetningar.

160. gr. e

Skýrsla stjórnar eða framkvæmdastjórnar fyrir hluthafa og starfsmenn

- 1. Stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins sem er skipt skal taka saman skýrslu fyrir hluthafa og starfsmenn sem útskýrir og rökstyður lagalega og efnahagslega þætti skiptingarinnar yfir landamæri og áhrif hennar á starfsmenn.

Einkum ætti í skýrslunni að útskýra áhrif skiptingar yfir landamæri á framtíðarstarfsemi félaganna.

2. Skýrslan skal einnig innihalda hluta fyrir hluthafa og hluta fyrir starfsmenn.

Félagið getur ákveðið að semja eina skýrslu með þessum tveimur hlutum eða semja mismunandi skýrslur fyrir hluthafa og starfsmenn, sem innihalda viðeigandi hluta.

3. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir hluthafa skal einkum skýra eftirfarandi:

- a) bætur í peningum og aðferðina sem notuð er til að ákvarða bætur í peningum,
- b) skiptihlutfall hlutabréfa og aðferðina eða aðferðirnar sem eru notaðar til að ná fram skiptihlutfalli hlutabréfa, eftir atvikum,
- c) áhrif af skiptingu yfir landamæri á hluthafa,
- d) réttindi og úrræði sem standa hluthöfum til boða í samræmi við 160. gr. i.

4. Þess hluta skýrslunnar sem er fyrir hluthafa er ekki krafist ef allir hluthafar félagsins hafa samþykkt að fella niður þá kröfu. Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila ákvæðum þessarar greinar.

5. Sá hluti skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn skal einkum skýra eftirfarandi:

- a) áhrif skiptingar yfir landamæri á ráðningarsambönd ásamt, eftir atvikum, hvers kyns ráðstöfunum til að vernda þau sambönd,
- b) hvers kyns verulegar breytingar á gildandi ráðningarskilmálum eða á staðsetningu starfsstöðva félagsins,
- c) hvernig þættirnir sem settir eru fram í a- og b-lið hafa áhrif á dótturfélög félagsins.

6. Skýrslan eða skýrslurnar skulu ávallt vera tiltækar á rafrænu formi, ásamt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, ef þær liggja fyrir, fyrir hluthafana og fyrir fulltrúa starfsmanna félagsins sem er skipt eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa eigi síðar en sex vikum fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 160. gr. h.

7. Ef stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins sem er skipt fær tímanlega álit um upplýsingarnar sem um getur í 1. og 5. mgr. frá fulltrúum starfsmanna eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki til staðar, frá starfsmönnum sjálfum, eins og kveðið er á um í innlendum lögum, skal upplýsa hluthafana um það og bæta því álitu við skýrsluna.

8. Ekki skal krefjast þess hluta skýrslunnar sem er fyrir starfsmenn ef félagið sem er skipt og dótturfélög, ef um þau er að ræða, þess hafa enga starfsmenn aðra en þá sem eru hluti af stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins.

9. Ef þess hluta skýrslunnar, sem er fyrir hluthafa sem um getur í 3. mgr., er ekki krafist í samræmi við 4. mgr. og hlutans, sem er fyrir starfsmenn sem um getur í 5. mgr., er ekki krafist skv. 8. mgr. er skýrslunnar ekki krafist.

10. Ákvæði 1.-9. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á viðeigandi rétt til upplýsinga og samráðs og málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um á landsvísi eftir lögleiðingu tilskipana 2002/14/EB og 2009/38/EB.

160. gr. f

Skýrsla óháðs sérfræðings

1. Aðildarríkin skulu tryggja að óháður sérfræðingur kanni áætlun vegna skiptingar yfir landamæri og geri skýrslu fyrir hluthafa. Þessi skýrsla skal gerð aðgengileg hluthöfum eigi síðar en einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem um getur í 160. gr. h. Sérfræðingurinn getur verið einstaklingur eða lögaðili, allt eftir lögum hvers aðildarríkis.

2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal ætíð fela í sér álit sérfræðings á því hvort bætur í peningum og skiptihlutfall hlutabréfa séu fullnægjandi. Við mat á bótum í peningum skal sérfræðingurinn taka tillit til markaðsverðs hlutabréfa í félaginu sem er skipt fyrir tilkynningu um tillögu að skiptingu eða virðis félagsins, að undanskildum áhrifum af fyrirhugaðri skiptingu, eins og það er ákvarðað í samræmi við almennt viðurkenndar virðismatsaðferðir. Í skýrslunni skal a.m.k.:

- a) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að ákvarða bætur í peningum sem lagðar eru til,
- b) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að finna skiptihlutfall hlutabréfa sem lagt er til,
- c) tilgreina hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi vegna mats á bótum í peningum og skiptihlutfalls hlutabréfa, gefa til kynna virðið sem fundið er með því að nota slíkar aðferðir og veita álit á hlutfallslegu mikilvægi sem er rakið til þessara aðferða við að finna virðið sem ákvarðað er og
- d) lýsa hvers kyns sérstökum erfiðleikum við virðismat sem komið hafa upp.

Sérfræðingurinn skal hafa heimild til að fá frá félaginu sem er skipt allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sérfræðingurinn geti rækt skyldur sínar.

3. Ef allir hluthafar félagsins sem er skipt hafa veitt samþykki sitt þar að lútandi skal hvorki krefjast rannsóknar óháðs sérfræðings á áætlun vegna skiptingar yfir landamæri né óháðrar sérfræðingsskýrslu.

Aðildarríkin mega undanskilja félög eins aðila frá beitingu þessarar greinar.

160. gr. g

Upplýsingagjöf

1. Aðildarríkin skulu tryggja að félagið birti eftirfarandi skjöl og geri þau aðgengileg öllum í skrá aðildarríkis félagsins sem er skipt a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 160. gr. h:

- a) áætlun vegna skiptingar yfir landamæri og
- b) tilkynningu sem upplýsir hluthafa, lánardrottna og fulltrúa starfsmanna félagsins sem er skipt eða, ef engir slíkir fulltrúar eru til staðar, starfsmennina sjálfa um að þeir geti lagt fyrir félagið, eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir dagsetningu hluthafafundarins, athugasemdir varðandi áætlunina vegna skiptingar yfir landamæri.

Aðildarríkin geta krafist þess að skýrsla óháða sérfræðingsins sé birt og gerð aðgengileg öllum í skránni.

Aðildarríkin skulu tryggja að félagið geti undanskilið trúnaðarupplýsingar upplýsingagjöf óháða sérfræðingsins.

Gögnin sem birt eru í samræmi við þessa málsgrein skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðildarríkin geta undanþegið félag sem er skipt kröfunni um upplýsingagjöf sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef, á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn sem um getur í 160. gr. h og sem lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, þetta félag gerir gögn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengileg almenningi án endurgjalds á vefsetri sínu.

Aðildarríkin skulu þó ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjalanna og sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

3. Ef félagið sem er skipt gerir áætlun vegna skiptingar yfir landamæri aðgengilega í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar skal það leggja eftirfarandi upplýsingar fram hjá skránni, a.m.k. einum mánuði fyrir dagsetningu hluthafafundarins sem um getur í 160. gr. h:

- a) félagsform og heiti félagsins sem er skipt, staðsetningu skráðrar skrifstofu þess og fyrirhugað félagsform og heiti nýstofnaða félagsins eða félaganna sem verða til við skiptingu yfir landamæri og fyrirhugaða staðsetningu skráðrar skrifstofu þeirra,
- b) skrána þangað sem skjölin, sem um getur í 14. gr., eru send fyrir félagið sem er skipt og skráningarnúmer félagsins í þeirri skrá,
- c) upplýsingar um fyrirkomulag sem gengið er frá til að lánardrottnar, starfsmenn og hluthafar geti nýtt sér rétt sinn og
- d) upplýsingar um vefsetrið þar sem nálgast má áætlunina vegna skiptingar yfir landamæri, tilkynninguna sem um getur í 1. mgr., skýrslu óháða sérfræðingsins og fullnægjandi upplýsingar um fyrirkomulagið sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar á netinu, án endurgjalds.

Skráin skal gera upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar aðgengilegar öllum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að uppfylla kröfurnar, sem um getur í 1. og 3. mgr., að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæru yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

5. Til viðbótar við birtingu upplýsinganna sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar geta aðildarríkin krafist þess að áætlunin vegna skiptingar yfir landamæri eða upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, séu birtar í lögbirtingarblaði þeirra eða á miðlægum, rafrænum vettvangi, í samræmi við 3. mgr. 16. gr. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að skráin sendi viðeigandi upplýsingar til lögbirtingarblaðsins eða til miðlægs, rafræns vettvangs.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingaskjölin sem um getur í 1. mgr. eða upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu aðgengilegar almenningi, án endurgjalds, í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að öll gjöld sem félagið greiðir skránum fyrir birtingu upplýsinganna, sem um getur í 1. og 3. mgr. og, eftir atvikum, fyrir birtinguna, sem um getur í 5. mgr., séu ekki hærri en sem nemur kostnaði við að veita slíka þjónustu.

160. gr. h

Samþykki hluthafafundar

1. Með hliðsjón af skýrslunum sem um getur í 160. gr. e. og 160. gr. f, eftir atvikum, álitum starfsmanna sem lögð eru fram í samræmi við 160. gr. e og athugasemdum sem lagðar eru fram í samræmi við 160. gr. g skal hluthafafundur félagsins sem er skipt taka ákvörðun með ályktun um hvort samþykkja beri áætlun vegna skiptingar yfir landamæri og hvort aðlaga beri stofnanasamninginn og stofnanasamþykktirnar ef þær er að finna í sérstöku skjali.

2. Hluthafafundur félagsins sem skipt er getur áskilið sér rétt til að skilyrða framkvæmd skiptingar yfir landamæri við skjóta staðfestingu hans á því fyrirkomulagi sem um getur í 160. gr. l.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að samþykki áætlunar vegna skiptingar yfir landamæri, og allra breytinga á þeirri áætlun, krefjist meirihluta a.m.k. tveggja þriðju hluta en ekki fleiri en 90% atkvæða, sem eru annaðhvort tengd við hlutabréfin eða við skráð hlutabréf sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Viðmiðunarmörk fyrir atkvæðagreiðslu skulu aldrei vera hærri en kveðið er á um í innlendum lögum vegna samþykkis á samruna yfir landamæri.

4. Ef ákvæði í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri, eða breyting á stofnsamningi félags sem er skipt leiðir til aukinna fjárhagslegra skuldbindinga hluthafa gagnvart félaginu eða þriðja aðila geta aðildarríki krafist þess, við þessar tilteknu aðstæður, að hlutaðeigandi hluthafi samþykki slíkt ákvæði eða breytingu á stofnsamningi félagsins sem er skipt, að því tilskildu að sá hluthafi geti ekki nýtt sér þau réttindi sem mælt er fyrir um í 160. gr. i.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafafundur geti ekki véfengt samþykki skiptingar yfir landamæri eingöngu af eftirfarandi ástæðum:

a) að skiptihlutfall hlutabréfa sem um getur í b-lið 160. gr. d hafi verið ákvarðað með ófullnægjandi hætti,

b) að bætur í peningum sem um getur í p-lið 160. gr. d hafi verið ákvarðaðar með ófullnægjandi hætti eða

c) að upplýsingarnar sem veittar voru varðandi skiptihlutfall hlutabréfa sem um getur í a-lið eða bætur í peningum sem um getur í b-lið hafi ekki verið í samræmi við lagaskilyrði.

160. gr. i

Vernd hluthafa

1. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. hluthafar í félögum sem er skipt sem greiddu atkvæði gegn því að samþykkja áætlun vegna skiptingar yfir landamæri hafi heimild til að ráðstafa hlutabréfum sínum fyrir fullnægjandi bætur í peningum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2.- 6. mgr., að því tilskildu að þeir myndu, vegna skiptingar yfir landamæri, eignast hluti í viðtökufélögunum sem um gilda lög annars aðildarríkis en aðildarríkis viðkomandi félags sem er skipt.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að aðrir hluthafar í félaginu sem er skipt hafi þann rétt sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

Aðildarríkin geta krafist þess að eindregin andstaða við áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, fyrirætlun hluthafa um að nýta rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum eða hvort tveggja sé skráð með viðeigandi hætti, a.m.k. á hluthafafundinum sem um getur í 160. gr. h. Aðildarríkin geta heimilað að skráning á andstöðu við áætlun vegna skiptingar yfir landamæri teljist tilhlýðileg skráning á mótaskvæði.

2. Aðildarríkin skulu ákveða frest sem hluthöfum sem um getur í 1. mgr. er veittur til að tilkynna félaginu sem er skipt um ákvörðun sína um að nýta rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum. Sá frestur skal ekki vera lengri en einn mánuður eftir hluthafafundinn sem um getur í 160. gr. h. Aðildarríkin skulu tryggja að félagið sem er skipt láti í té netfang fyrir rafræna móttöku þeirrar yfirlýsingar.

3. Aðildarríkin skulu enn fremur ákveða þann frest sem veittur er til að greiða þær bætur í peningum sem tilgreindar eru í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri. Sá frestur skal ekki vera lengri en tveir mánuðir eftir að skipting yfir landamæri tekur gildi í samræmi við 160. gr. q.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafar, sem lýst hafa yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum en telja að þær bætur í peningum sem félagið sem er skipt býður hafi ekki verið ákvarðaðar með fullnægjandi hætti, eigi rétt á að krefjast viðbótarbóta í peningum hjá lögbæru yfirvaldi eða stofnun sem er veitt umboð samkvæmt landslögum. Aðildarríkin skulu setja tímamörk að því er varðar kröfu um viðbótarbætur í peningum.

Aðildarríkin geta kveðið á um að endanleg ákvörðun um að veita viðbótarbætur í peningum gildi fyrir alla hluthafa í félagi sem er skipt sem hafa lýst yfir þeirri ákvörðun sinni að nýta sér rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum í samræmi við 2. mgr.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að lög aðildarríkis félags sem er skipt gildi um réttindin sem um getur í 1.-4. mgr. og að einkavaldheimildir til að leysa ágreining að því er varðar þessi réttindi liggi innan lögsögu þess aðildarríkis.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að hluthafar í félagi sem er skipt, sem ekki áttu rétt á eða nýttu sér ekki rétt sinn til að ráðstafa hlutabréfum sínum en telja það skiptihlutfall hlutabréfa sem sett er fram í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri ófullnægjandi, geti mótmælt því hlutfalli og krafist greiðslu í peningum. Lögbæra yfirvaldið eða stofnunin sem veitt er umboð samkvæmt lögum aðildarríkisins sem viðkomandi félag sem er skipt heyrir undir skal hefja slíka málsmeðferð innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í þeim landslögum og slík málsmeðferð skal ekki koma í veg fyrir skráningu skiptingar yfir landamæri. Ákvörðunin skal vera bindandi fyrir viðtökufélögin og, ef um er að ræða skiptingu að hluta til, einnig félagið sem er skipt.

7. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að viðkomandi viðtökufélag og, ef um er að ræða skiptingu að hluta til, félagið sem er skipt geti látið í té hlutabréf eða aðrar bætur í stað greiðslu í peningum.

160. gr. j

Vernd lánardrottna

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi kerfi til verndar hagsmunum lánardrottna sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu upplýsinga um áætlunina vegna skiptingar yfir landamæri sem hafa ekki fallið í gjalddaga við birtingu þeirra.

Aðildarríkin skulu tryggja að lánardrottnar sem eru ósáttir við þær verndarráðstafanir sem boðnar eru í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri, eins og kveðið er á um í q-lið 160. gr. d, megi, innan þriggja mánaða frá birtingu upplýsinga um áætlun vegna skiptingar yfir landamæri sem um getur í 160. gr. g, farið þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálafyrirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna skiptingar yfir landamæri og að fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.

Aðildarríkin skulu tryggja að verndarráðstafanirnar séu með skilyrðum um að skipting yfir landamæri taki gildi í samræmi við 160. gr. q.

2. Ef lánardrottinn félags sem er skipt fær ekki fullnustu krafna sinna frá því félagi sem er úthlutað skuldinni skulu hin viðtökufélögin og, ef um er að ræða skiptingu að hluta til eða skiptingu með aðgreiningu, félagið sem er skipt bera óskipta bótaábyrgð ásamt félaginu sem er úthlutað skuldinni. Hins vegar skal hámarksfjárhæð óskiptrar bótaábyrgðar hvers félags sem tekur þátt í skiptingunni takmarkast við virði, á gildistökudegi skiptingarinnar, hreinna eigna sem er úthlutað til þess félags.

3. Aðildarríkin geta krafist þess að stjórn eða framkvæmdastjórn félags sem er skipt leggi fram yfirlýsingu sem endurspeglar fjárhagslega stöðu félagsins á einhverjum degi innan síðasta mánaðar fyrir birtingu yfirlýsingarinnar. Í yfirlýsinguinni skal koma fram að á grundvelli upplýsinga, sem eru tiltækar stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins sem er skipt á yfirlýsingardeginum, og eftir að hafa lagt fram réttmætar fyrirspurnir, sé viðkomandi stjórn eða framkvæmdastjórn ekki kunnugt um neina ástæðu fyrir því að viðtökufélag og, ef um er að ræða skiptingu að hluta, félagið sem er skipt myndi ekki, eftir gildistöku skiptingarinnar, geta greitt skuldir sínar sem þeim er úthlutað samkvæmt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri þegar þær falla í gjalddaga. Birta skal yfirlýsinguna, ásamt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, í samræmi við 160. gr. g.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á beitingu laga aðildarríkis félagsins sem er skipt að því er varðar það hvort fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila.

160. gr. k

Upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn

1. Aðildarríkin skulu tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur í tengslum við skiptingu yfir landamæri og beitt í samræmi við þann lagaramma sem kveðið er á um í tilskipun 2002/14/EB og tilskipun 2001/23/EB þar sem skipting yfir landamæri telst vera flutningur fyrirtækis í skilningi tilskipunar 2001/23/EB og, eftir atvikum, fyrir fyrirtæki sem starfa á Bandalagsvísu eða hópa fyrirtækja er starfa á Bandalagsvísu, í samræmi við tilskipun 2009/38/EB. Aðildarríkin geta ákveðið að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs eigi við um aðra starfsmenn félaga en þá sem um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/14/EB.

2. Þrátt fyrir 7. mgr. 160. gr. e og b-lið 1. mgr. 160. gr. g skulu aðildarríki tryggja að réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs sé virtur, a.m.k. áður en tekin er ákvörðun um áætlun vegna skiptingar yfir landamæri eða skýrsluna sem um getur í 160. gr. e, hvort heldur ber fyrir að, með þeim hætti að starfsmönnum sé veitt rökstutt svar fyrir hluthafafundinn sem um getur í 160. gr. h.

3. Með fyrirvara um gildandi ákvæði eða venjur sem eru hagstæðari starfsmönnum skulu aðildarríkin ákvarða með hvaða hætti starfsmenn geti nýtt sér réttinn til upplýsinga og samráðs í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2002/14/EB.

160. gr. l

Þátttaka starfsmanna

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem viðtökufélagið hefur skráða skrifstofu gilda um viðtökufélagið.

2. Hins vegar skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við skiptingu yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu ekki gilda ef meðalfjöldi starfsmanna í félaginu sem er skipt samsvarar fjórum fimmtu hlutum viðeigandi viðmiðunarmarka á næstliðnum sex mánuðum fyrir birtingu áætlunarinnar vegna skiptingar yfir landamæri, eins og mælt er fyrir um í lögum aðildarríkis félagsins sem er skipt, sem kallar á þátttöku starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB, eða ef innlend lög, sem gilda um viðtökufélögin, kveða ekki á um:

- a) a.m.k. sama þátttökustig starfsmanna og gildi í félaginu sem er skipt fyrir skiptingu yfir landamæri, sem miðast við hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn eða nefndum þeirra eða í framkvæmdastjórn afkomustöðva félagsins, sem þátttaka starfsmanna tekur til, eða
- b) sama rétt starfsmanna í starfsstöðvum viðtökufélaganna sem eru staðsettar í öðru aðildarríki, til að nýta þátttökuréttinn og þeirra starfsmanna sem starfa á aðildarríkinu þar sem viðtökufélagið er með skráða skrifstofu.

3. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal þátttaka starfsmanna í félögum sem verða til við skiptingu yfir landamæri og aðild þeirra að skilgreiningum á slíkum réttindum vera reglufest af aðildarríkjunum, að breyttu breytanda og með fyrirvara um 4.-7. mgr. þessarar greinar, í samræmi við meginreglur og málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 og eftirfarandi ákvæðum tilskipunar 2001/86/EB:

- a) 1. mgr., i. lið a-liðar og b-lið 2. mgr., 3. mgr., fyrstu tveimur málslíðum 4. mgr. og 5. og 7. mgr. 3. gr.,
- b) 1. mgr., a-, g- og h-lið 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 4. gr.,
- c) 5. gr.,
- d) 6. gr.,
- e) 1. mgr. 7. gr., að undanskildum öðrum undirlið b-liðar,
- f) 8., 10., 11. og 12. gr. og
- g) a-lið 3. hluta viðaukans.

4. Við setningu meginregla og málsmeðferða sem um getur í 3. mgr.:

- a) skulu aðildarríki veita sérstakri samninganefnd rétt til að ákveða, með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum hluthafa sem eru fulltrúar minnst tveggja þriðju hluta starfsmanna, að hefja ekki samningaviðræður eða slíta samningaviðræðum sem eru hafnar og treysta á reglur um þátttöku sem eru í gildi í aðildarríkjunum viðtökufélaganna,
- b) mega aðildarríki ákveða, í tilvikum þar sem, í kjölfar fyrri samningaviðræðna, staðlaðar reglur um þátttöku gilda og þrátt fyrir slíkar reglur, að takmarka hlutdeild fulltrúa starfsmanna í stjórn viðtökufélaganna. Ef hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn félags sem er skipt er a.m.k. einn þriðji má takmörkunin þó aldrei leiða til þess að hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn verði lægra en einn þriðji,
- c) skulu aðildarríkin tryggja að reglur um þátttöku starfsmanna sem voru í gildi fyrir skiptingu yfir landamæri gildi áfram fram að deginum þegar reglum, sem síðar eru samþykktar, er beitt eða, ef samþykktar reglur eru ekki fyrir hendi, fram að beitingu staðlaðra regla í samræmi við a-lið 3. hluta viðaukans við tilskipun 2001/86/EB.

5. Rýmkun þátttökuréttar til starfsmanna viðtökufélaganna sem starfa í öðrum aðildarríkjunum, eins og um getur í b-lið 2. mgr., skal ekki fela í sér neinar skyldur fyrir aðildarríki sem kjósa að gera það til að taka tillit til þeirra starfsmanna við útreikninga á viðmiðunarmörkum fyrir stærð vinnuafls sem leiðir til þátttökuréttar samkvæmt innlendum lögum.

6. Ef einhver viðtökufélaganna eiga að falla undir kerfi um þátttöku starfsmanna, í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr., er skylt að félagið taki lögákvæðið félagsform sem heimilar nýtingu þátttökuréttar.

7. Þegar viðtökufélagið fellur undir kerfi um þátttöku starfsmanna er því félagi skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn, komi til breytinga, samruna eða skiptingar, hvort sem það er yfir landamæri eða innanlands, næstu fjögur ár eftir að skipting yfir landamæri kom til framkvæmda með því að beita, að breyttu breytanda, reglunum sem mælt er fyrir um í 1.-6. mgr.

8. Félag skal tilkynna starfsmönnum eða fulltrúum þeirra um niðurstöðu samningaviðræðna varðandi þátttöku starfsmanna án ótilhlýðilegrar tafar.

160. gr. m

Vottorð fyrir skiptingu

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað yfirvald eða yfirvöld sem eru til þess bær að athuga lögmæti skiptingar yfir landamæri að því er varðar þá hluta málsmeðferðarinnar sem lúta lögum aðildarríkis félagsins sem er skipt og til að gefa út vottorð fyrir skiptingu til staðfestingar á að farið hafi verið að öllum viðeigandi skilyrðum og að allar málsmeðferðarreglur og öll formsatriði séu frágengin í því aðildarríki („lögbæra yfirvaldið“).

Slíkur frágangur á málsmeðferðarreglum og formsatriðum getur falið í sér að fjárhagslegum eða ófjárhagslegum skuldbindingum sé fullnægt eða þær tryggðar vegna opinberra aðila eða að farið sé að tilskildum ákvæðum sértækra krafna fyrir sérsvið, þ.m.t. tryggja skuldbindingar sem rekja má til yfirstandandi málsmeðferðar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi fylgi umsókn félags sem er skipt um vottorð fyrir skiptingu:
 - a) áætlunin vegna skiptingar yfir landamæri,
 - b) skýrslan og álitid sem fylgir, ef eitthvert er, sem um getur í 160. gr. e sem og skýrslan sem um getur í 160. gr. f, séu þær tiltækar,
 - c) hvers kyns athugasemdir sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. 160. gr. g og
 - d) upplýsingar um samþykki hluthafafundarins sem um getur í 160. gr. h.
3. Aðildarríkin geta krafist þess að viðbótarupplýsingar fylgi umsókn félags sem er skipt um vottorð fyrir skiptingu, s.s. einkum:
 - a) fjöldi starfsmanna þegar áætlun vegna skiptingar yfir landamæri er gerð,
 - b) tilvist dótturfélaga og landfræðileg staðsetning þeirra,
 - c) upplýsingar um að félag sem er skipt hafi fullnægt skuldbindingum vegna opinberra aðila.

Að því er þessa málsgrein varðar geta lögbær yfirvöld óskað eftir slíkum upplýsingum frá öðrum viðkomandi yfirvöldum hafi félag sem er skipt ekki veitt þær.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að ljúka umsókninni, sem um getur í 2. og 3. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, að fullu á netinu án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá lögbæra yfirvaldinu, í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóks.
5. Að því er varðar það að farið er að tilskildum ákvæðum, sem varða þátttöku starfsmanna eins og mælt er fyrir um í 160. gr. I, skal lögbæra yfirvaldið í aðildarríki félags sem er skipt sannreyna að áætlun vegna skiptingar yfir landamæri innihaldi upplýsingar um málsmeðferðina sem liggur að baki ákvörðun um viðeigandi fyrirkomulag og um mögulega valkosti varðandi slíkt fyrirkomulag.
6. Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka eftirfarandi sem hluta af þeirri athugun sem um getur í 1. mgr.:
 - a) öll skjöl og upplýsingar sem lögð eru fram hjá lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 2. og 3. mgr.,
 - b) ábendingar frá félagi sem er skipt um að málsmeðferðin sem um getur í 3. og 4. mgr. 160. gr. I sé hafin, þar sem við á.
7. Aðildarríkin skulu tryggja að athuginin sem um getur í 1. mgr. fari fram innan þriggja mánaða frá viðtökudegi skjalanna og upplýsinganna sem varða samþykki hluthafafundar félagsins sem er skipt á skiptingunni yfir landamæri. Athuginin skal leiða til einhverrar af eftirfarandi niðurstöðum:
 - a) þar sem ljóst er að skipting yfir landamæri uppfyllir öll tilskilin ákvæði og að allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er lokið skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð fyrir skiptingu,
 - b) þar sem ljóst er að skipting yfir landamæri uppfyllir ekki öll viðeigandi ákvæði eða allri nauðsynlegri málsmeðferð og formsatriðum er ekki lokið skal lögbæra yfirvaldið ekki gefa út vottorð fyrir skiptingu og upplýsa félagið um ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni; í því tilviki getur lögbæra yfirvaldið veitt félaginu tækifæri til að uppfylla viðeigandi skilyrði eða til að ljúka málsmeðferð og formsatriðum innan viðeigandi frests.
8. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið gefi ekki út vottorð fyrir skiptingu þegar ákvarðað er í samræmi við landslög að skiptingu yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi.
9. Ef lögbæra yfirvaldið hefur, meðan á athugininni sem um getur í 1. mgr. stendur, alvarlegar áhyggjur sem gefa til kynna að skiptingu yfir landamæri sé komið á til misnotkunar eða í sviksamlegum tilgangi sem leiði til þess eða miði að því að víkja sér undan eða sniðganga lög Sambandsins eða landslög, eða í glæpsamlegum tilgangi, skal það taka tillit til viðkomandi staðreynda og málavaxta, s.s. þar sem við á og ekki aðskilið frá öðrum þáttum, leiðbeinandi þátta sem lögbæra yfirvaldið hefur orðið áskynja um við athuginuna sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. með samráði við viðkomandi yfirvöld. Að því er þessa málsgrein varðar skal matið framkvæmt í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli málsmeðferðar sem fellur undir gildissvið landslaga.
10. Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar matið skv. 8. og 9. mgr., að taka tillit til viðbótarupplýsinga eða framkvæma viðbótarannsóknir er heimilt að framlengja þriggja mánaða tímabilið sem kveðið er á um í 7. mgr. um allt að þrjá mánuði.
11. Ef ekki er mögulegt að framkvæma matið innan þess frests, sem um getur í 7. og 10. mgr., vegna þess hversu flókin málsmeðferð yfir landamæri er skulu aðildarríki tryggja að umsækjandanum sé tilkynnt um ástæður fyrir hvers kyns töfum áður en viðkomandi frestir renna út.

12. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæra yfirvaldið geti haft samráð við önnur viðkomandi yfirvöld með valdheimildir á ólíkum sviðum sem varða skiptingu yfir landamæri, þ.m.t. í aðildarríki viðtökufélaganna, og aflað frá þessum yfirvöldum og frá félaginu sem er skipt upplýsinga og skjala sem nauðsynleg eru til að athuga lögmæti skiptingar yfir landamæri, innan ramma málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í landslögum. Við matið getur lögbæra yfirvaldið nýtt sér þjónustu óháðs sérfræðings.

160. gr. n

Afhending á vottorði fyrir skiptingu

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vottorði fyrir skiptingu sé deilt með þeim yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. 160. gr. o í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að vottorð fyrir skiptingu sé tiltækt í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðgangur að vottorði fyrir skiptingu skal vera án endurgjalds fyrir yfirvöld sem um getur í 1. mgr. 160. gr. o og fyrir skrárnar.

160. gr. o

Athugun á lögmæti skiptingar yfir landamæri

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað lögbært yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti skiptingar yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem varðar skiptingu yfir landamæri sem fellur undir lög aðildarríkja viðtökufélaganna og til að samþykkja skiptingu yfir landamæri.

Það yfirvald eða yfirvöld skulu einkum tryggja að viðtökufélögin uppfylli ákvæði landslaga um stofnun og skráningu félaga og, ef við á, að fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsmanna hafi verið ákvarðað í samræmi við 160. gr. I.

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skal félagið sem er skipt senda hverju yfirvaldi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áætlun vegna skiptingar yfir landamæri sem er samþykkt á hluthafafundinum sem um getur í 160. gr. h.

3. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að félagið sem er skipt geti lokið umsóknum er varða 1. mgr., þ.m.t. framlagningu á upplýsingum og skjölum, án þess að nauðsynlegt sé að umsækjendur mæti í eigin persónu hjá yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr., í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. bóls.

4. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja skiptingu yfir landamæri um leið og það hefur staðfest að öll viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt á tilhlýðilegan hátt og formsatriðum lokið með fullnægjandi hætti í aðildarríkjum viðtökufélaganna.

5. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal samþykkja vottorð fyrir skiptingu til endanlegrar staðfestingar á því að allri gildandi málsmeðferð og formsatriðum fyrir skiptingu sé lokið, sem eru forsendur fyrir því að skipting yfir landamæri sé samþykkt.

160. gr. p

Skráning

1. Lög aðildarríkja félagsins sem er skipt og viðtökufélaganna skulu ákvarða, að því er varðar yfirráðasvæði hvers þeirra um sig, fyrirkomulagið, í samræmi við 16. gr., sem gildir um birtingu í skrár þeirra um að skiptingunni yfir landamæri sé lokið.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að a.m.k. eftirfarandi upplýsingar séu færðar inn í skrár þeirra:

a) í skrá aðildarríkja viðtökufélaganna, að skráning viðtökufélagsins sé til komin vegna skiptingar yfir landamæri,

b) í skrár aðildarríkja viðtökufélaganna, skráningardagur viðtökufélaganna,

- c) í skrá aðildarríkis félagsins sem er skipt, ef um er að ræða skiptingu að fullu, að afskráning félagsins sem er skipt eða fjarlæging félags sem er skipt af skrá sé til komin vegna skiptingar yfir landamæri,
- d) í skrá aðildarríkis félagsins sem er skipt, ef um er að ræða skiptingu að fullu, dagsetning afskráningar félagsins sem er skipt eða fjarlægingar þess af skrá,
- e) í skrám aðildarríkis félagsins sem er skipt og aðildarríkja viðtökufélaganna, eftir því sem við á, skráningarnúmer, heiti og félagsform félagsins sem er skipt og viðtökufélaganna.

Skrárnar skulu gera upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein öllum aðgengilegar í gegnum samtengingarkerfi skráa.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að skrárnar í aðildarríkjum viðtökufélaganna tilkynni skránni í aðildarríki félagsins sem er skipt, í gegnum samtengingarkerfi skráa, að viðtökufélögin hafi verið skráð. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, ef um er að ræða skiptingu að fullu, að félagið sem er skipt sé afskráð eða fjarlægt af skrá tafarlaust eftir viðtöku allra þessara tilkynninga.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að skráin í aðildarríki félagsins sem er skipt tilkynni skránum í aðildarríkjum viðtökufélaganna, í gegnum samtengingarkerfi skráa, að skipting yfir landamæri hafi tekið gildi.

160. gr. q

Gildistökudagur skiptingar yfir landamæri

Lög aðildarríkis félagsins sem er skipt skulu ákvarða á hvaða degi skipting yfir landamæri tekur gildi. Þessi dagur skal vera eftir að athuginin, sem um getur í 160. gr. m og 160. gr. o, hefur farið fram og eftir að skrárnar hafa fengið allar tilkynningar sem um getur í 3. mgr. 160. gr. p.

160. gr. r

Afleiðingar skiptingar yfir landamæri

1. Skipting að fullu yfir landamæri skal, frá þeim degi sem um getur í 160. gr. q, hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) allar eignir og skuldir félagsins sem er skipt, þ.m.t. allir samningar, inneignir, réttindi og skyldur, skulu færast til viðtökufélaganna í samræmi við úthlutunina sem tilgreind er í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri,
- b) hluthafar félagsins sem er skipt skulu verða hluthafar í viðtökufélögunum í samræmi við úthlutun hlutabréfa sem tilgreind er í áætlun vegna skiptingar yfir landamæri nema þeir hafi selt hlutabréf sín eins og um getur í 1. mgr. 160. gr. i,
- c) réttindi og skyldur félagsins sem er skipt, sem af ráðningasamningum eða ráðningasamböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er skipting yfir landamæri tekur gildi, skulu færast til viðtökufélaganna,
- d) félagið sem er skipt hættir að vera til.

2. Skipting að hluta yfir landamæri skal, frá þeim degi sem um getur í 160. gr. q, hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) hluti eigna og skulda félagsins sem er skipt, þ.m.t. samningar, inneignir, réttindi og skyldur, skulu færast til viðtökufélagsins eða viðtökufélaganna en eftirstæður hluti skal áfram vera hluti félagsins sem er skipt í samræmi við úthlutunina sem tilgreind er í áætluninni vegna skiptingar yfir landamæri,
- b) a.m.k. hluti hluthafa félagsins sem er skipt skulu verða hluthafar í viðtökufélaginu eða viðtökufélögunum og a.m.k. hluti hluthafanna skulu áfram vera hluthafar í félaginu sem er skipt eða verða hluthafar í báðum félögunum í samræmi við úthlutun hlutabréfa sem tilgreind er í áætlun vegna skiptingar yfir landamæri nema þessir hluthafar hafi þegar ráðstafað hlutabréfum sínum eins og um getur í 1. mgr. 160. gr. i,
- c) réttindi og skyldur félagsins sem er skipt, sem af ráðningasamningum eða ráðningasamböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er skipting yfir landamæri tekur gildi, sem úthlutað hefur verið til viðtökufélagsins eða viðtökufélaganna samkvæmt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, skulu færast til viðkomandi viðtökufélags eða viðtökufélaga.

3. Skipting yfir landamæri með aðgreiningu skal, frá þeim degi sem um getur í 160. gr. q, hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) hluti eigna og skulda félagsins sem er skipt, þ.m.t. samningar, inneignir, réttindi og skyldur, skulu færast til viðtökufélagsins eða viðtökufélaganna, á meðan eftirstæður hluti skal áfram vera hluti félagsins sem er skipt, í samræmi við úthlutunina sem tilgreind er í áætlun vegna skiptingar yfir landamæri,
- b) hlutabréf í viðtökufélaginu eða viðtökufélagunum skal úthlutað til félagsins sem er skipt,
- c) réttindi og skyldur félagsins sem er skipt, sem af ráðningasamningum eða ráðningasamböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er skipting yfir landamæri tekur gildi, sem úthlutað hefur verið til viðtökufélagsins eða viðtökufélaganna samkvæmt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, skulu færast til viðkomandi viðtökufélags eða viðtökufélaga.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. 160. gr. j skulu aðildarríki tryggja að ef eign eða skuld félagsins sem er skipt er ekki úthlutað beint samkvæmt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri, eins og um getur í 1-lið 160. gr. d, og ef túlkun þessarar áætlunar gerir ákvörðun um úthlutun þeirra ekki mögulega, er eigninni, greiðslu fyrir hana eða skuld úthlutað til allra viðtökufélaganna eða, ef um er að ræða skiptingu að hluta eða skiptingu með aðgreiningu, til allra viðtökufélaganna og félagsins sem er skipt í réttu hlutfalli við hreina eign sem úthlutað er til hvers þessara félaga samkvæmt áætlun vegna skiptingar yfir landamæri.

5. Ef þess er krafist, við skiptingu yfir landamæri, samkvæmt lögum aðildarríkjanna að sérstökum formsatriðum sé lokið áður en yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda og skuldbindinga félagsins sem er skipt tekur gildi gagnvart þriðju aðilum skal félagið sem er skipt eða viðtökufélagin, eftir því sem við á, annast framkvæmd þessara formsatriða.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að ekki sé hægt að skipta á hlutabréfum í viðtökufélagi fyrir hlutabréf í félaginu sem er skipt sem eru annaðhvort í vörslu félagsins sjálfs eða fyrir milligöngu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins.

160. gr. s

Einfölduð formsatriði

Ef skipting yfir landamæri er gerð með aðgreiningu gilda ekki 160. gr. d (b-, c-, f-, i-, o- og p-liður), 160. gr. e, 160. gr. f og 160. gr. i.

160. gr. t

Óháðir sérfræðingar

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um einkaréttarábyrgð óháða sérfræðingsins sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar sem um getur í 160. gr. f.

2. Aðildarríkin skulu hafa til staðar reglur sem tryggja að:

- a) sérfræðingurinn eða lögaðilinn sem sérfræðingurinn starfar fyrir sé óháður félaginu og að ekki sé um að ræða hagsmunaáreksur milli hans og félagsins sem sækir um vottorð fyrir skiptingu og
- b) álit sérfræðingsins sé óhlutdrægt og hlutlægt og gefið í því skyni að veita lögbæra yfirvaldinu aðstoð í samræmi við kröfur um sjálfstæði og óhlutdrægni samkvæmt þeim lögum og faglegu reglum sem gilda um sérfræðinginn.

160. gr. u

Gildistími

Ekki er heimilt að lýsa ógilda skiptingu yfir landamæri sem tekið hefur gildi í samræmi við málsmeðferðarreglur sem lögleiða þessa tilskipun.

Fyrsta málsgreinin hefur ekki áhrif á heimildir aðildarríkjanna m.a. í tengslum við refsirétt, forvarnir og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka, félagsmálarétt, skattlagningu og löggæslu, til að beita ráðstöfunum og viðurlögum samkvæmt landslögum, eftir gildistökudag skiptingar yfir landamæri.“

24) Í stað fyrirsagnar II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Tegundir félaga sem um getur í 7. gr. (1. mgr.), 13. gr., 29. gr. (1. mgr.), 36. gr. (1. mgr.), 67. gr. (1. mgr.), 86. gr. b (1. og 2. liður), 119. gr. (a-liður 1. mgr.) og 160. gr. b (1. liður)“.

2. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um ráðstafanir og viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þeim sé beitt. Aðildarríkin geta kveðið á um refsiviðurlög vegna alvarlegra brota.

Ráðstafanirnar og viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2023. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. febrúar 2027, leggja mat á þessa tilskipun, þ.m.t. mat á framkvæmd ákvæða um upplýsingar, samráð og þátttöku starfsmanna í tengslum við aðgerðir yfir landamæri, þ.m.t. mat á reglum um hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn félagsins sem verður til við aðgerð yfir landamæri og á skilvirkni verndarráðstafananna sem varða samningaviðræður um réttindi starfsmanna til þátttöku, að teknu tilliti til breytilegs eðlis félaga sem stækka yfir landamæri, og skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu um niðurstöður þess mats, einkum með tilliti til hugsanlegrar þarfar á að taka upp í lög Sambandsins samræmdan ramma um fulltrúa starfsmanna á stjórnarstigi, sem tillaga að nýrri löggjöf skal fylgja, eftir því sem við á.

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka þessa skýrslu saman, einkum með því að láta henni í té gögn um hversu oft breytingar, samruni og skiptingar yfir landamæri eiga sér stað, tímalengd þeirra og tengdan kostnað, gögn um þau tilvik þar sem vottorði fyrir aðgerð var hafnað sem og tölfraðileg samantekin gögn um fjölda samningaviðræðna um réttindi starfsmanna til þátttöku í aðgerðum yfir landamæri. Aðildarríkin skulu einnig láta framkvæmdastjórninni í té gögn um hlutverk og áhrif regla um lögsögu sem gilda um aðgerðir yfir landamæri.

2. Í skýrslunni skal einkum meta þær málsmeðferðarreglur sem um getur í I. og IV. kafla II. bálks tilskipunar (ESB) 2017/1132, einkum með tilliti til tímalengdar þeirra og kostnaðar.

3. Skýrslan skal innihalda mat á hagkvæmni þess að setja reglur um tegundir skiptinga yfir landamæri sem falla ekki undir þessa tilskipun, þ.m.t. einkum skiptingar yfir landamæri með yfirtöku.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D.M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. TUPPURAINEN

forseti.
